



**Háskólinn  
á Akureyri**

**Félagsvísinda- og lagadeild**

**Nútímafræði**

**2008**

# **Kennir vestrænt samfélag í brjósti um konur?**

**Brjóstastækkanir í ljósi félagsfræðilegra kenninga**

Bára Jóhannesdóttir  
Lokaverkefni í Félagsvísinda- og lagadeild



„Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur  
þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna“

---

**Bára Jóhannesdóttir**

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi  
kröfum til B.A. -prófs í Félagsvísinda- og lagadeild“

---

**Þóroddur Bjarnason**

## Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um brjóstastækkanir í félagsfræðilegu samhengi og er skoðað hvort við sem einstaklingar höfum vald til þess að taka ákvarðanir sjálf varðandi útlit okkar eða kemur þrýstingur frá samfélaginu um það. Skoðað verður út frá kenningalegu samhengi, af hverju velur fólk að fara í fegrunaraðgerð og hvað það er sem hefur áhrif á val þess. Gerir samfélagið of miklar kröfur um hvernig við eigum að líta út eða er það mál á ábyrgð einstaklinganna sjálfra? Hvaða hlutir eru það sem hafa áhrif á val okkar um útlit? Skiptir máli hvaðan við erum, hvaða samfélagsstétt við tilheyrum eða hefur það áhrif hvort einstaklingar eru karlkyns eða kvenkyns? Skoðað verður hvaða öfl hafa áhrif á hvernig við sjáum okkur sem einstaklinga. Þau áhrif virðast meiri á líkama kvenna en karla, það getum við séð með að horfa á fæðingar og hvernig búið er að sjúkdómsvæða hana. Samkvæmt lækna-stéttinni og samfélaginu eiga konur helst að fæða börn sín inni á spítölum. Einnig er fjallað um klám og klámvæðingu, hvernig hún hefur bein og óbein áhrif á gildismat samfélagsins.

Skoðaðar verða kenningar innan félagsfræðinnar og séð hvernig nokkrir kenningasmiðir innan hennar líta á samfélagið sem félagsleg smíð. Einnig gerði ég eigindlega rannsókn. Þar voru tekin viðtöl við fjögur ungmenni á aldrinum 15-17 ára og athugað hvernig þau upplifa samfélagið, hvort þau finni fyrir þrýstingi og hvaðan þau fá hugmyndir um útlit sitt og annarra. Viðtölin voru greind niður í þemu eftir Vancouver skólanum í fyrirbærafræði og þannig lesið úr svörum ungmennanna.

## Abstract

This essay looks at breast-augmentations in a social context. It examines how an individual makes the decision to have a breast-augmentation. Whether it is because of peer pressure, pressure from society or if an individual has the power to make up her own mind? The focus is on dogmatic context, why people make the decision to go into plastic surgery and what it is that makes them decide. What we are supposed to look like and what really influences that decision is studied in this essay. Does it matter where we come from, what class we belong to or does our gender have anything to do with it? What is it that influences us on how we see ourselves as an individual? It seems that it is much easier to do things to a female body than a male body. We can see how a delivery of a baby is seen as an illness much rather something natural. Women usually deliver their babies in a hospital, rather than at home. Women are something to be gazed at and we can see how pornography have influenced and changed the values of our society?

A few theories in social science about social construction are viewed in this essay. Four teenagers were interviewed about their outlook on society. They were asked if they feel pressured and where they got their ideas on what they and others should look like. The interviews were analyzed and themes were found by the Vancouver-school of phenomenology.

## **Þakkarorð**

### **Í minningu Kalla.**

Ég vil byrja á að þakka Þóroddi Bjarnasyni fyrir að vera leiðbeinandi minn í þessari B.A.-ritgerð og fyrir að hafa kveikt áhuga minn á félagsfræði. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir að vera til og að styrkja trú mína á að ég gæti þetta, án þeirra hefði þetta ekki tekist. Svo vil ég þakka Eyju fyrir að lesa yfir þegar mig vantaði aðstoð og án Þorbjargar, Tobbu, hefði ég aldrei klárað ritgerðina. Hún var mér innan handar og hvatti mig áfram þegar veröld mín hrundi og gaf mér svo mikinn styrk. Svo vil ég þakka Freyju minni fyrir alla hjálpina í gegnum árin í Háskóla Akureyrar, þegar hún las yfir og kenndi mér svo margt.

Samnemendur mínir þær Þóra og Herdís, hafa bjargað miklu og það hefur alltaf hefur verið gott að snúa sér til þeirra og fá svör við spurningum mínum um námið. Kennararnir við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri eiga þakkir skyldar fyrir að vera til staðar og vera tilbúnir að hvetja mig áfram í náminu. Einnig eiga kennarar við Háskóla Íslands og aðrir sem lögðu hönd á plóg og hjálpuðu til við vinnslu þessarar ritgerðar þakkir skildar.

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>Fræðilegt samhengi</b> .....	<b>4</b>
2.1	Skilgreining samfélagsins á fegurð.....	4
2.2	Klám.....	7
2.3	Blöðin, tímaritin og fjölmiðlarnir .....	9
2.4	Brjóst félagslega skilgreind .....	11
2.5	Sjúkdómar og sjúkdómsvæðing.....	13
2.6	Gerendahæfni í ljósi klassískra kenninga félagsfræðarinnar .....	16
2.7	Átaka-, samskipta- og samstöðusjónarhorn .....	16
2.8	Brjóstastækkarnir í ljósi félagsfræðilegra kenninga.....	17
<b>3</b>	<b>Niðurstöður</b> .....	<b>20</b>
3.1	Rannsókn með ungu fólki .....	20
3.1.1	Aðferðarfræðin.....	20
3.1.2	Kynning á meðrannsakendum .....	21
3.1.3	Greiningarlíkan .....	22
3.2	Aðalþemað: Útlitið og áhrifavaldar .....	22
3.2.1	Útlitið .....	23
3.2.2	Eldingaleikur við útlitið .....	24
3.2.3	Skiptir útlitið máli? .....	25
3.2.4	Dómharka og þeir sem skera sig úr fjöldanum .....	25
3.2.5	Áhrifavaldar .....	26
3.2.6	Félagslegur þrýstingur .....	27
3.3	Annað þema: Lýta- og fegrunaraðgerðir .....	27
3.3.1	Munur á lýta- og fegrunaraðgerðum .....	27
3.3.2	Val og réttmæti aðgerða.....	28
3.4	Þriðja þema: Klám .....	30
3.4.1	Aðgengi og sýnileiki .....	30
3.4.2	Tenging við fegrunaraðgerðir .....	31
3.4.3	Áhrifin.....	32
3.5	Fjórða þema: Jákvæð sjálfsmynd.....	33
3.5.1	Styrkjandi þættir .....	33
<b>4</b>	<b>Umræða</b> .....	<b>35</b>
<b>5</b>	<b>Lokaorð</b> .....	<b>39</b>
<b>6</b>	<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>41</b>
<b>7</b>	<b>Viðauki</b> .....	<b>45</b>

# 1 Inngangur

Félagsfræðin hefur glímt við það frá upphafi hvort einstaklingar ráði því sem þeir gera eða hvort að samfélagið stjórni því, þannig fjalla margir kenningarmiðir félagsfræðinnar um gerendahæfni (e. *agency*). Mig langar að skoða brjóstastækkun út frá þeirri hugsun hvort við sem einstaklingar tökum þá ákvörðun að bæta líf okkar með því að stækka á okkur brjóstin eða hvort ákvörðunin er tengd fleiri þáttum, stærra kerfi sem við tökum ekki eftir. Einnig er áhugavert að skoða af hverju brjóstastækkunum hefur fjölgað í okkar samfélagi og þær taldar vera eðlilegt inngríp í líkama okkar og af hverju fari ekki fram nein gagnrýnin ígrunduð umræða í samfélaginu um hvort þetta sé í lagi eða ekki. Við þurfum að spyrja okkur sem hluta af samfélagi, af hverju konur vilji ganga í gegnum kvalir, pínu og kostnað til að viðhalda „hinum fullkomna líkama“. Við tökum þessu bara sem eðlilegum hlut.

Til að velta upp fleiri en einni hlið á ofantöldum rannsóknarspurningum er í þessari ritgerð að finna fræðilega umfjöllun og niðurstöður eigindlegar rannsóknar sem unnin var með 15-17 ára ungmennum. Fræðilegi hluti þessarar ritgerðar er tvískiptur. Í fyrri hluta sem fjallar um félagsmótun er sjónum beint að aðal mótunaraðilum og áhrifavöldum í lífi einstaklinga. Í því skyni er sett fram umfjöllun í köflum 2.1-2.4 um samfélagið, klámið, miðlana og félagsleg- og læknisfræðileg áhrif á kvenímyndir og líkama. Í seinni hluta er sjónarhorn félagsfræðinnar til skoðunar og ýmsar kenningar og kenningarmiðir til umfjöllunar.

Með eigindlegu rannsókninni sem fjallað er um í 3. kafla er kannað hvaða skoðun unglingar hafa á fegrunar- og lýtaaðgerðum og hvort þeir sjá einhvern mun á þeim. Einnig er skoðað hvernig samfélagið kemur þeim fyrir sjónir og hvort þeim finnist einhverjir stjórna þeim s.s. fjölskyldan, fjölmiðlarnir eða vinirnir.

Ástæður fyrir efnisvali þessarar ritgerðar tengjast fyrri upplifun og reynslu minni. Í starfi mínu sem hárgreiðslukona í tæp 20 ár kynntist ég mörgu fólki, fylgdist með fegrunarstöðlum og þróun tískunnar. Þó hlutirnir þróist oft á löngum tíma og hægt sé að vera blindur á breytingar þegar maður sjálfur er í hringiðunni þá er greinilegt mannlíkaminn (og þá sérstaklega kvenlíkaminn) er ekki lengur heilagur eins og manni var talið í trú um í æsku og ýmislegt gert við hann vegna feðurðar og tísku. Í samtali við konu fyrir nokkru kom fram að hún myndi styðja dóttur sína með ráðum og dáð ef hún vildi fara í brjóstastækkun. Þetta ýtti sérstaklega við mér því persónulega vil ég að val barnanna minna þriggja snúist um aðra hluti en þessa, þ.e. þau geti fengið það mesta út úr því sem heimurinn hefur að bjóða án óþarfa læknisfræðilegra inngrípa. Jafnframt var tímarit um fegrunaraðgerðir, sem ég rakst á í blaðasölu á flugvelli í vor, hvati fyrir mig til að skoða fyrirbærið enn betur.

Í tímaritinu sem kynnti og hvatti til aðgerða, frekar en að draga úr þeim, voru upplýsingar um nýjustu möguleikana í dag og gefnar voru hagnýtar upplýsingar um atriði eins og að það væri best er að fara til Ástralíu til að stækka brjóstin, en til að fá finan rass á að fara til Brasilíu. Þarna var hver blaðsíðan á fætur annarri full af sögum um hvernig líf fólks hefur batnað við að fara í aðgerðir. Birt var saga af konu sem var að fara gifta sig og maðurinn hennar gaf henni pening svo hún gæti fengið nýjan líkama áður en að athöfn kæmi. Einnig var fjallað um mæðgur sem fóru báðar í brjóstastækkun því þær höfðu alla tíð verið mjög ósáttar við útlit sitt. Í blaðinu voru aðeins þrjár blaðsíður af niutíu tileinkaðar karlmönnum og þeirra lýtaaðgerðum.

Við á Vesturlöndum teljum okkur búa í þróuðum þjóðfélögum og hugsum með hryllingi til þess þegar talað er t.d. um umskurð stúlkubarna víða um heim. Á sama tíma síast inn í samfélagið fegrunarfár er tengist fegrunaraðgerðum. Það er áhugavert að skoða af hverju við teljum eitthvað eðlilegt og annað óeðlilegt, hvar mörkin liggja og hvort þau séu að breytast.



## 2 Fræðilegt samhengi

Í þessum fyrri hluta fræðilegrar umfjöllunar er athyglinni beint að félagsmótun, að samfélaginu og meðal annars íslenskum raunveruleika. Auk þess eru félags- og læknisfræðilegar skilgreiningar skoðaðar í tengslum við fegrunaraðgerðir.

### 2.1 Skilgreining samfélagsins á fegurð

Orðræða samfélagsins hefur gengið út á að það sé eðlilegt að laga líkamann, lýti sem á honum eru, og einnig ef konur eru ekki með nægilega stór brjóst. Eldri konur hafa verið stimplaðar ljótar en eins og K. P. Morgan segir að ef kona á nóg af peningum þá getur hún viðhaldið unglegu útliti, því tæknin er til staðar (Morgan, 1991). Sjónvarpsþættir hafa komið fram á sjónarsviðið seinustu árin sem hafa staðfest þetta, hægt er að breyta öllu við útlitið. Þættir eins og *The Swan* og *Extreme Makeover* hafa sýnt konur og karla í endurmótun með skurðaðgerðum þar sem flestir eru steypdir í sama mótið og litu svipað út þegar aðgerðirnar voru búnar.

Til að skoða fjölda fegrunaraðgerða í íslensku samfélagi var leitast eftir svörum hjá Landlæknisembættinu. Þar voru veitt þau svör að ekki væru til áreiðanlegar tölur, en bent á tölur sem Landlæknisembættið lét í té fyrir grein sem Valgerður Þ. Jónsdóttir skrifaði í Morgunblaðið þann 7. maí árið 2007. Samkvæmt henni voru átta lýtalæknar starfandi á Íslandi árið 2006 og framkvæmdu sex þeirra 168 brjóstastækkunaraðgerðir árið 2006. Tveir lýtalæknar hafa ekki látið í té tölur yfir aðgerðir sínar og virðist erfitt fyrir Landlæknisembættið að verða sér úti um þessar upplýsingar þó svo að beðið hafi verið um þær. Á Alþingi voru samþykkt lög sem áttu að taka gildi í september 2007 um að landlækni beri að safna saman upplýsingum á sviði heilbrigðisþjónustu og á það bæði við um einkastofur jafnt og spítalana. Tilgangurinn með lagasetningunni er að fylgjast með fjölda aðgerða og hvort einhverjir fylgikvillar verði af aðgerðum (Valgerður Þ. Jónsdóttir, 2007).

Í grein Sigríðar Þorgeirsdóttur (2005) er talað um að 200-300 brjóstastækkarnir séu framkvæmdar á Íslandi á hverju ári.

Tangarhaldið sem samfélagið hefur haft á konum og körlum hefur verið breytilegt í gegnum tíðina og hafa kynjunum verið gefnar mismunandi hugmyndir um hvað þau mega og mega ekki. Hugmyndir samfélagsins um getu kvenna og gjörðir hafa verið þær að konur eiga að vera óvirkar (e. *passive*), blíðar, hafa mikla samúð með öðrum, vera ósjálfstæðar og alls ekki trana sér fram. Félagsmótunin hefur skert frelsi kvenna og mótað stöðu þeirra í samfélaginu. Félagsmótun karla er aftur á móti öðruvísi og því hefur verið haldið fram að karlmenn hafi ekki verið eins félagsmótaðir og konur. Þeim hefur leyfst að hafa hvatir, þeir eiga að vera framtakssamir (e. *active*), sem er einnig félagsmótun en það er gert ráð fyrir að þeir megi almennt leyfa sér meira en konur (Helgi Gunnlaugsson, 2003).

Fræðikonan bell hooks heldur því fram að normaveiðarnar í Salem 1692 hefðu verið öfgafull leið feðraveldisins til að halda konum niðri, konum sem ekki voru eins og þær áttu að vera eða hegðuðu sér ekki eins og þær áttu að hegða sér. Ef konur brugðu frá norminu gátu afleiðingarnar verið skelfilegar og þótt konur hefðu ekki tekið þetta alveg bókstaflega þá var þetta raunveruleg ógn (hooks, 1981). Þetta ástand má yfirfæra á það hvernig ungar konur hegða sér í dag. Konur geta upplifað mikinn þrýsting um að líta út eins og samfélagið vill, ef konur láta ekki stækka á sér brjóstin passa þær ekki inn í skilgreiningar á hvernig konur eiga að vera og þannig eru þær ekki taldar eðlilegar (Goodman, 1996).

Í almennri umræðu er talað um hvernig að konur nýti sér sinn frjálsa vilja og geri það sem þeim sýnist við eigin líkama (Annadís Greta Rúdólfsdóttir, 2007). Patricia Gagné og Deanna McGaughey (2002) nefna hins vegar að þótt það geti í sumum tilfellum verið eflandi fyrir konu sem einstakling að fara í brjóstastækkun, þá viðheldur brjóstastækkunin forræði feðraveldisins sem kúgar konur sem hóp og hún viðheldur einnig forræði menningargilda samfélagsins. Það eru ekki bara karlmenn sem viðhalda feðraveldinu,

konur eru partur af samfélaginu og eru ekki undanskildar því að viðhalda því (Gagné og McGaughey, 2002; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005).

Einstaklingshyggja samtímans og áherslan á lífsstílsval í samræmi við hið innra sjálf hvers og eins samræmist illa þeim áherslum femínista, sameiginlegum markmiðum kvenna og baráttu þeirra. Lykilhugtök femínismans eins og efling (e. *empowerment*), hafa verið yfirfærð á einstaklinginn og er hugtakið t.d. notað þegar konur sitja fyrir í karlatímaritum, hálf naktar eða naktar, líkt og þær hafi öll völd í sínum höndum (Annadís Greta Rúdólfsson, 2007). Brjóstastækkun getur haft þau tilfinningalegu áhrif á konu að með henni finnist hún hafi náð til sín völdum.

Í gegnum tíðina hafa læknávisindin hlutgert konur og þær hafa verið sjúkdómsvæddar á margan hátt. Fegrunaraðgerðir halda ekki bara konum niðri heldur eru þær einnig tæki til að móta kvenlíkamann og hlutgera hann. Það er mismunandi eftir kynþáttum hvað konur láta gera við líkama sinn. Hvítar konur fara í brjóstastækkun, svartar konur láta „laga“ og minnka á sér nefið og asískar konur láta „laga“ á sér augun og gera þau vestrænni. Þrýstingurinn frá samfélaginu um að við séum „eðlileg“ er mikill (Gagné og McGaughey, 2002).

Konur liggja oft undir þrýstingi samfélagsins um að hafa hin fullkomnu brjóst, fjölbreytni virðist ekki vera það sem sóst er eftir heldur virðist sem allar konur eigi að líta eins út og heilsufar þeirra skiptir ekki þar máli. Skurðaðgerð er aldrei hættulaus. Í bæklingi Landlæknisembættisins (2002) er minnt á að stúlkur undir tvítugu ættu ekki að fara í brjóstastækkun þar sem líkami þeirra sé ekki enn orðinn fullþroskaður, einnig fylgja talsverðir verkir í kjölfar aðgerða. Áhættan við sílikonaðgerðir getur orðið til þess að konan verði fyrir skertri eða aukinni tilfinningu í brjóstunum í kjölfar aðgerðar og stundum getur taug skemmst alveg sem þýðir að lítil sem engin tilfinning er á því svæði (Landlæknisembættið, 2002).

Birtingarmynd kvenna sem kemur fram í klámi og hvernig þær eru hlutgerðar þar, breytir skilgreiningunni á fegurð og hvernig samfélagið í heild sér fegurð (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005; Wolf, 2002). Það virkar því eins og að konur hafi hrist af sér hlekkir úrelts femínisma og noti líkama sinn og kynferði til að ná fram markmiðum sínum. Ná til sín völdum með því að sitja naktar fyrir á myndum og að það sé þeirra eigin hugmynd (Annadís Greta Rúdólfssdóttir, 2007). Klámið er þess eðlis að það verðlaunar stráka og niðrar stelpur en við framleiðslu þess er látið líta út fyrir að þær nái til sín völdum með því. Í dag er komið bakslag í jafnréttisbaráttuna og þar sem börn og unglingar alast upp við það að klám sé normið þá skekkist lífssýn þeirra. Börn og unglingar eru kynverur í mótun en klámefni er ekki góð kynfræðsla (Flood, 2007).

## 2.2 Klám

Til eru margar skilgreiningar á klámi og getur það þýtt mismunandi hluti eftir því í hvaða samhengi það er notað og í hvaða samfélagi. Klám getur þýtt svo margt. Eins og vald karlmannna yfir konum, og hlutgerving kvenlíkamans. Það sem kallað er í daglegu tali klámvæðing, er hvernig útlit kvenna í klámmyndum hefur áhrif á tísku almennt.

Klám (e. *pornography*) er skilgreint, samkvæmt Andreu Dworkin (2000), sem þegar vald karlmannna er sett í kynferðislegt samhengi og er notað gegn konum. Undirgefnin sem konum er gefin í klámheiminum er ofbeldi gangvart þeim og klámritahöfundar nota kvenlíkamann sem tungumál sitt (Dworkin, 2000). Klámritahöfundarnir hafa skapað orðræðu (rikjandi hugmyndir) um líkama kvenna. Þar sem ekkert breytist af sjálfu sér þurfum við sem samfélag að breyta þessari orðræðu. Dworkin var andvíg klámi þar sem henni fannst klámið birtingarmynd fyrir hlutgervingu og kúgun feðraveldisins á konum (Dworkin, 2000). Klámið er stærsta hindrun femínismans síðustu árin og sterkasta vopn feðraveldisins gegn konum til að halda þeim niðri (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005). Samkvæmt Guðbjörgu Hildi Kolbeins kemur fram að það sé ekki til nein skilgreining á

hugtakinu klámi í íslenskum lögum. Aftur á móti skilgreinir Diana Russell, femínisti og félagsfræðingur skilgreinir klám svona. „Klám er efni sem sýnir kynlíf og/eða afhjúpuð kynfæri í tengslum við misnotkun og niðurlægingu þannig að slík hegðun sé studd, látin óátalin eða jafnvel hvatt til hennar“ (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2002). Aftur á móti skilgreinir Russell erótík sem „kynörvandi efni sem er án kynjamisréttis, kynþáttfordóma og án fordóma gegn samkynhneigðum og sett þannig fram að er virðing er borin fyrir öllum þeim manneskjum og dýrum sem sýnd eru“ (Russell, 1993; bls. 3).

Svo virðist sem bilið milli klámiðnaðarins og almenna fjölmiðlamarkaðarins sé að minnka og alltaf er auðveldara að verða sér út um klámefni. Þegar internetið varð aðgengilegt fyrir marga, auðveldaði það aðgengi þar sem börn jafnt og fullorðnir gátu orðið sér úti um hvaða klámefni sem er. Það skiptir ekki máli hvort einstaklingar séu að leita að klámefni á internetinu eða ekki, því á netinu eru gildir út um allt. Á skjánum birtast „pop-up“ gluggar og það skiptir oft litlu máli hvaða efni fólk er að skoða á netinu, þessir gluggar með klámi geta birst næstum hvar sem er. Í rannsókn meðal 16-17 ára unglunga í Ástralíu sem Flood (2007) gerði árið 2002, kom í ljós að 61% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni sáu klámefni á netinu án þess hafa leitað að því (Flood, 2007). Svo virðist sem unglingsdrengrir horfi meira á klámefni en unglingsstúlkur. Sumir þeirra geta kallast stórnotendur, þar sem þeir horfa á klámefni mörgum sinnum í viku, þó að þeir séu fleiri sem horfa sjaldnar. Þeir sem horfa mikið á klám halda að allir horfi mikið á klám (Flood, 2007).

Þegar hér er talað um klám þá er vísað til skilgreininga Dworkin og Russell þar sem klám er tengt við kynjamisrétti og hlutgervingu kvenna. Hlutgervinguna má sjá í tískuheiminum, auglýsingum og öðrum miðlum sem aftur mótar daglegt líf kvenna og hugmyndir þeirra um meðal annars hin „fullkomnu“ brjóst. Mun skilgreining Sörensen (2003) um klámvæðinguna einnig vera notuð um það hvernig klámið, ímyndir og tákn úr kláminu hafa komist inn í samfélagið í gegnum auglýsingar, tónlistarmyndbönd,

sjónvarpsþætti og tískublöð, t.d. hvernig módelum er stillt upp í myndatökum vísar beint til klámsins. Einnig fá kynin og kynjahlutverkin mjög sértæka skírskotun í klámið um hvernig hlutverk kynjanna eiga að vera og hefur þetta bein áhrif á almenna menningu (Sörensen, 2003). Þetta hefur leitt til þess að ungum stúlkum finnst sjálfsagt að fá sér ný brjóst, þær geta ekki beðið eftir því að verða fullorðnar með öllu sem því fylgir, verða kynferðislega gjaldgengar í samfélaginu og ná til sín völdum með því (Quart, 2003).

Þannig hefur kynlíf og fegurð verið tengd saman. Samfélagið hefur ruglað saman skilgreiningunni á fegurð við skilgreininguna á klámi og mörkin þar á milli eru orðin óljós (Wolf, 2002). Þegar konur voru orðnar áhrifameiri á vinnumarkaðinum á níunda áratugnum var auglýsingum sífellt meira beint að því að konurnar þyrftu að líta vel út. Framleiðendur neysluvara og þeir sem stjórnðu því hvort konur ættu að vera heima eða vinna úti, notuðu tísku og neysluvörur til að halda konum niðri og viðhalda feðraveldinu og valdakerfi þess. Því er haldið að konum að fegurð sé gjaldmiðill og með því að vera fallegar þá geti þær haft meiri áhrif. Þetta er ekki lagt upp á sama hátt fyrir karlmennina. Það skiptir minna máli hvernig þeir líta út og hvernig þeir koma fyrir úti á vinnumarkaðinum. Konur eyða allt að einum þriðja tekna sinna í að viðhalda fegurð. Þegar aldurinn fer að sjást á konunum þá „verða“ þær að viðhalda fegurðinni með fegrunaraðgerðum (Wolf, 2002).

### 2.3 Blöðin, tímaritin og fjölmiðlarnir

Konur birtast ekki jafn oft og karlar í fjölmiðlum og á árunum 1986-2001 var hlutfall kvenna í fréttum sjónvarps mest um 20% af birtingartíma karlanna. Frá árinu 1988 fór hlutfallið minnkandi (Þorgerður Einarsdóttir, 2002). Konur hafa ekki margar fyrirmyndir úr fréttum eða öðrum „alvarlegum“ miðlum en þær hafa aftur á móti fjölmiðla sem sýna konur sem hluti, eitthvað til að horfa á frekar en að þær geri eitthvað annað en að líta vel út og er þar átt við tískublöð og kvikmyndir en leikkonur birtast æ oftar á síðum glanstímaritanna (Wolf, 2002). Þegar kvennabaráttan var komin á fullt skrið, um miðbik nítjándu aldar, þótti

ágangur kvennanna í frelsi of mikill og á þessum tíma voru flestar konur í milli- og yfirstétt vel læsar og voru komnar með eigið eyðslufé. Á þeim tíma voru sett á laggirnar blöð fyrir konur um konur (Wolf, 2002). Á ákveðnum tímamarki var hægt að sjá hvert hlutverk kvenna átti að vera. Í seinni heimstyrjöldinni voru konurnar í blöðunum útvinnandi en þegar hermennirnir sneru aftur þá sýndu blöðin þær heimavinnandi. Þannig hafa blöðin verið áhrifamikil í mótnun sjálfsmýndar kvenna. Á síðari tímum hafa auglýsingarnar í blöðunum færst frá því að auglýsa hreingerningarvörur fyrir heimilið yfir í að auglýsa snyrtivörur og vörur sem eiga að hægja á öldrun. Blöðin sjálf eru ekki slæm fyrir konur, heldur er fegurðarímyndinni sem er haldið á lofti í blöðunum óholl fyrir konur (Wolf, 2002).

Kvennablöð virka stundum sem sjálfsefningartæki sem eiga að hjálpa lesendum að takast á við lífið í heimi sem er gegnsýrður feðraveldinu. Í blöðunum eru birtar greinar um tísku, heimilið og fjölskylduna. Allt eru þetta ákveðnir þættir sem leiða svo til meiri neyslu en einnig gefa þau sjónræna nautn, því þar birtast myndir af konum í aðstæðum sem venjuleg kona gæti ekki verið í en bara ímyndað sér. Hinn undirliggjandi tónn er á þann veg að konan geti orðið betri manneskja en hún er, alltaf sé hægt að laga og bæta. Vandamál venjulegra kvenna eru sett í samhengi og með því geta þær verið ánægðar með líf sitt (Storey, 2001). Konur viðhalda feðraveldinu með því að viðhalda kynímyndum, með uppeldi barna, með því að hlaupa eftir tiskunni og að lesa glanstímaritin. Það væri því hægt að endurskilgreina kynin og hlutverk þeirra, t.d. með því að breyta ímynd kvenna í tímaritum, bókum og kvikmyndum (Marshment, 1997).

Auk kvennablaðanna eru miðlar eins og internetið og sjónvarpið orðnir æ meiri áhrifavaldar (Steyer, 2002). Netið er aðgengilegt flestum þeim sem einhver tók hafa á tölvutækninni, en um 88% heimila landsins komast á Netið (Hagtíðindi, 2008). Viðhorf íslenskra unglingsstúlkna til verkaskiptingar inni á heimilum fer eftir því hve mikið þær

nota internetið, því meiri notkun – því hefðbundnari viðhorf til heimilistarfanna (Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir, 2008).

## 2.4 Brjóst félagslega skilgreind

Væntingar samfélagsins um hve stór brjóst kvenna hafa átt að vera hafa breyst í gegnum árin. Vegna óánægju með brjóstastærð fara konur í auknum mæli í brjóstastækkunir, sem og í mjög stífa megrunarkúra og þetta getur haft margvíslegar aukaverkanir í för með sér. Í staðinn fyrir að breyta væntingunum sínum breytir fólk sjálfu sér og aðferðunum til að ná tilætluðum árangri (Tantleff-Dunn, 2001). Konur líta á fegrunaraðgerðir sem lausn á vandamáli, lausn sem hefur nýja möguleika í för með sér fyrir þær (Gagné og McGaughey, 2002). Árið 1991 hélt Morgan því fram að í náinni framtíð yrði talið eðlilegt að leggjast undir hnífinn til að fá stærri brjóst. Hægt er að segja að spádómur Morgan hafi ræst, því í dag teljum við ekkert að því að konur fari í aðgerð til þess að bæta útlitið eins og þættir eins og *Extreme makeover* sýna.

Eins og Morgan hélt fram þá gæti í framtíðinni verið talið óeðlilegt að láta ekki lagfæra líkamann og þær sem ekki fari í aðgerð geta átt á hættu að verða stimplaðar sem frávik frá samfélaginu og sagt verði um þær að þeim sé sama hvernig þær líti út. Samkvæmt Morgan var fitusog algengasta tegund fegrunaraðgerða árið 1990 (Morgan, 1991) og það virðist sem fegrunaraðgerðir séu orðnar að eðlilegum hlut í bandarísku samfélagi (Goodman 1996). Undir þetta tekur Sigríður Þorgeirsdóttir (2005) og segir að sjónvarpsþættir eins og *Extreme Makeover*, sem hafa einnig verið sýndir í íslensku sjónvarpi, hafa hjálpað til við að gera lýtalækningar og fegrunaraðgerðir að eðlilegum hlut.

Til að skoða birtingarmynd kvenleika í fjölmiðlum og áhrif hans á konur, tók Goodman (1996) viðtöl við hóp kvenna. Hún vildi finna út hvort allar konurnar færu í svipaðar aðgerðir eða hvort aldurinn hefði eitthvað um það að segja. Rannsóknin byggðist á samanburði tveggja hópa, annar hópurinn hafði farið í fegrunaraðgerð og af þeim voru



flestar sem höfðu farið í brjóstastækkun og í hinum hópnnum voru konur sem höfðu ekkert látið gera við sig. Þær sem höfðu farið í fegrunaraðgerðina voru allar hvítar konur úr verkamannastétt eða millistétt. Niðurstaðan var sú að það voru ekki sömu hlutirnir sem konurnar létu gera. Þær yngri létu „laga“ líkamann en þessar eldri létu „laga“ andlitið (Goodman, 1996). Samkvæmt Peter Conrad (2007) hefur þróunin verið sú að við þurfum ekki að eldast frekar en við viljum. Því það er hægt að hægja mikið á öldruninni með læknisfræðilegum aðferðum eins og t.d. lýtalækningum (Conrad, 2007).

Birtingaform kvenleikans voru mismunandi í rannsókn Goodman eftir því á hvaða tímum konurnar ólust upp, þær elstu voru aldar upp til að verða mæður og til þess að líta vel út. Þar sem mæður þykja ekki hafa mikið kynferðislegt gildi, þá þótti konunum t.d. verra að missa hárið en að missa brjóstið ef þær fengu krabbamein og þurftu á lyfjameðferð að halda. Þær áttu það sameiginlegt að hafa verið mjög ánægðar með útlit sitt þegar þær voru yngri (Goodman, 1996). Þær yngri voru aldar upp með það fyrir augum að verða ofurkonur á öllum sviðum, bæði úti á vinnumarkaðinum, sem frábærar mömmur og tilbúnar að gera hvað sem er í svefnherberginu. Þær voru flestar aldar upp í þeirri trú að kvenlíkaminn væri skítugur og ekki meira virði en svo að hægt væri að klippa og skera í hann til að gera hann betri. Þema þess sem konurnar sögðu í grein Goodman var að þær vildu vera í eðlilegum hlutföllum og hafa brjóst samkvæmt mótuðum staðli. Konunum fannst þær ekki nógu góðar og voru ekki ánægðar með margt á líkama sínum, þær vildu vera grennri, hávaxnari, yngri og með stærri brjóst (Goodman, 1996). Hér er ástæða til að staldra við og velta fyrir sér hvaða hugmynd um konu er búið að búa til. Það eru ekki margar konur sem ná að uppfylla alla þessa staðla „hinnar fullkomnu konu“. Við þurfum að spyrja okkur, sem hluti af samfélagi. Af hverju vilja konur ganga í gegnum kvalir, pínu og kostnað til að viðhalda „hinum fullkomna líkama“? (Goodman, 1996).

## 2.5 Sjúkdómar og sjúkdómsvæðing

Skilgreiningar á því hvað er frávík frá normi eru mismunandi eftir samfélögum og það á einnig við um hvað er talið vera sjúkdómur. Fræðimaðurinn Talcott Parsons (1902-1979), setti fram kenningu hvernig einstaklingar fái aflétt daglegum skyldum sínum svo framarlega að þeir viðurkenna að þeir séu sjúkir. Sjúklingurinn þarf einnig að viðurkenna að hann getur ekki læknað sig sjálfur og hann þarf einnig að vilja að verða betri. Til að læknastr verður hann að leggja traust sitt á sérfræðingana og vera samvinnuþýður við þá. Ef einstaklingar gera þetta ekki þá er litið á þá sem frávík en ekki sjúkling. Þegar hann er búinn að gangast undir þessi skilyrði verður hann að hegða sér eins og sjúklingur. Þeir sem sjá sjálfan sig sem sjúkling fara að skipuleggja líf sitt í kringum sjúkdóminn (Twaddle, 1978). Klámiðnaðurinn og klámeefnið hefur ýtt undir það að konum finnist þær ekki í lagi eins og þær eru, þær þurfa alltaf að laga eitthvað (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005). Það hefur áhrif út í samfélagið, með auglýsingum og eykur þannig að konum finnist þær ekki uppfylla skilyrði samfélagsins um eðlilega konu (Wolf, 2002). Það virðist að konum sé fyrirgefið ef þær viðurkenna að þær séu ekki fullkomnar og þær leiti sér hjálpar með því að leggja sig í hendur sérfræðinganna, sem í þessu tilfelli eru lýtalæknarnir, og fari í brjóstastækkun.

Julie Kent (2003) fjallaði um að konum finnist þær ekki uppfylla norm samfélagsins því þeim finnist þær ekki hafa nógu stór brjóst eða þá þær hafi of stór brjóst. Þá fara þær að hegða sér eins og sjúklingar sem geta fengið bót meina sinna hjá læknum. Þær létu t.d. stækka brjóstin eða minnka eftir því sem við átti, voru ánægðar með útkomuna úr aðgerðinni og það skipti ekki máli hvort þær fengu aukaverkanir af aðgerðinni eða ekki. Í einni af þeim rannsóknum sem Kent skoðaði fyrir grein sína kom í ljós að konunum fannst þær verða betri konur eftir uppskurðinn (Kent, 2003).

Venjulegt fólk er ekki í aðstöðu til að mótmæla ef læknir sjúkdómsgreininir það, því í samfélaginu eru það læknarnir sem hafa vald til að skilgreina hvað sjúkdómur er og hvað

ekki (Sigrún Ólafsdóttir, 2004). Búið er að skilgreina lítil brjóst sem vandamál eða sjúkdóm, bæði félagslega og læknisfræðilega og þess vegna er kroppað í líkama kvenna til að stækka á þeim brjóstin. Félagsfræðingar hafa lengi skoðað tengslin milli þess fyrir einstaklinga að hafa lítil völd í samfélaginu og þess að búa við slæma andlega og líkamlega heilsu. Þær breytur sem skipta helst máli eru kynferði, kynþáttur og stéttarstaða. Því neðar sem fólk er í samfélagsstiganum því meiri líkur eru á slæmri andlegri og líkamlegri heilsu (Sigrún Ólafsdóttir, 2004). Ósjálfstæði sem röskun (e. *dependent personality disorder*) er líklegri til að koma fram í konum. Konur upplifa meiri þörf fyrir félagslega viðurkenningu en karlmenn og þær afsala sér völdum yfir sínu eigin lífi. Manneskju með þennan veikleika vantar oftast sjálfsálit/sjálfstraust (Cockerham, 2006).

Morgan (1991) segir að í grundvallaratriðum sé enginn hluti kvenlíkamans sem ekki má krukka í og breyta. Fæðingarlæknar halda fæðingum innan spítalanna, eins og fæðingar séu ekki eðlilegur hlutur og það þurfi að fylgjast vel með konum í þessu náttúrulega ástandi sem óléttu og fæðing er. Fegrunarlæknar hafi valdið til þess að búa til hina „fullkomnu konu“ þar sem tæknin er til og allt er hægt. Að sama skapi virðist einstaklingarnir í samfélaginu ekki vera komnir á það stig að efast um að þetta sé siðferðilega leyfilegt, þ.e. að kroppa svona í líkamann, þar sem lítil sem engin umræða hefur farið fram. Þetta er spurning sem við, sem samfélag, verðum að spyrja og finna svör við og það þarf að fara fram siðferðileg umræða um málið. Vestræn læknávisindi nálgast líkamann eins og hann sé vél sem hægt er að stjórna og gera við. Með læknávisindunum má hafa áhrif á getnað og fegurð en á endanum er líklegt að við munum líta út á þann hátt sem er félagslega samþykktur þar sem samfélagið stjórnar því hvað þykir vera fallett og hvað ekki. Brjóstastækkun má í fljótu bragði líta út sem val einstaklingsins en það er í raun hlýðni við gildi samfélagsins. Það sem læknar gera kvenlíkamanum er ekki allt slæmt, t.d. eru til mörg börn í heiminum í dag sem hefðu ekki orðið til nema fyrir tilstuðlan læknávisindanna. Samt

hefur saga vestrænna læknávisinda gert kvenlíkamann óæðri, ófullkominn, að einhverju sem hægt er að laga (Morgan, 1990).

Sumir halda því fram að þegar læknávisindin grípa inn í gang náttúrunnar með því að gefa einstaklingum vaxtarhormón eða stækka brjóstin á þeim þá sé verið að auka lífsgæði þeirra. Spurning er hvort brjóstastækkunir sem læknisfræðilegt inngríp sé rétta leiðin til að bæta líkamsmynd einstaklinga (Conrad, 2007; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005). Peter Conrad (2007) heldur því fram að ef ekki sé hægt að skilgreina vanda sem sjúkdóm, muni samfélagið ekki reyna að lækna hann með inngrípum. Læknar myndu ekki framkvæma brjóstastækkunir nema þær væru skilgreindar sem inngríp við sjúklegu ástandi. Í grein sem birtist í vefritinu Vísir þann 16. apríl 2008 kom fram að ung bresk stúlka, tólf ára, er búin að setja saman óskalistann sinn fyrir þrettán ára afmælið sitt. Á listanum er iPhone, ilmvatn og brjóstastækkun. Mamma hennar skilur þetta vel og er búin að gefa samþykki sitt fyrir brjóstastækkuninni þegar dóttirin verður 16 ára og segir að þetta gæti aukið líkur dótturinnar á frægð og frama í módelstörfum (Vísir, 2008, 16. apríl). Sigríður Þorgeirsdóttir (2005) segir að það færast í vöxt hjá unglingsstúlkum að biðja um brjóstastækkunir. Við höfum lengi leitað til læknávisindanna vegna eðlilegra hluta eins og getnað, það að fæða barn, tíðarhvarfa og þess að eldast. Þar sem tæknin er til staðar, höfum við síðustu árin einnig snúið okkur að læknávisindunum ef einhver er ekki með „rétta“ brjóstastærð, ef einhver er of lágvaxinn eða þegar karlmenn fá skalla. Þetta eru vandamál sem við vonumst til að læknávisindin geti lagað. Í framtíðinni munum við sennilega reyna að breyta uppsetningu gena barna okkar til að þau líti út eins og við teljum að samfélagið muni vilja. Skurðaðgerðir geta verið önnur mynd af félagsstjórnun eins og tölur um vaxandi fjölda brjóstastækkana og magaaðgerða sýna (Conrad, 2007).

## 2.6 Gerendahæfni í ljósi klassískra kenninga félagsfræðarinnar

Hafa konur val um hvað þær gera og láta gera við sig? Það eru mismunandi sjónarhorn innan félagsfræðinnar jafnt sem samfélagsins um það hvort konur hafi þetta val. Sumir segja að konur hafi frjálsan vilja og geti gert það sem þær langar til og fyrst tæknin sé til þá sé um að gera að nota hana. Aðrir segja að konur séu fórnarlömb fegrunaraðgerðarfársins og að konur sem fylgja fegrunarstöðlum samfélagsins úti ystu æsar hafi ekki val (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005).

## 2.7 Átaka-, samskipta- og samstöðusjónarhorn

Í samfélaginu eru hópar sem stjórna því hvað þykir flott eða ásættanlegt og oftast eru það þeir ríku sem ráða meiru en þeir efnaminni. Átakakenningarmiðir skoða félagsformgerðina í samfélögum og stofnanir þeirra. Þeir skoða þá sem ráða, hvernig þeir reyna að stjórna samfélaginu með því að koma skoðunum og gildum sínum að sem eðlilegum viðmiðum (Ritzer og Goodman, 2003; Cockerham, 2006). Þetta á við t.d. þegar reynt er að skilgreina hvað sé afbrot eða hvernig tískan er og hvað sé vinsælt, einnig hvernig hluti fólk á að kaupa sér eins og húsnæði og bíl (Ritzer og Goodman, 2003). Því áhrifameira sem fólk er í samfélaginu því líklegra er það til að komast framhjá skilgreiningu samfélagsins um að það sé afbrigðilegt eða að hegðun þess sé talin vera frávikshegðun (Cockerham, 2006). Fólk verður að eiga og gera rétta hluti til að geta talist gildir meðlimir samfélagsins. Þeir sem framleiða vörur hafa oft aðra sýn á hvað einstaklingar þurfa heldur en einstaklingarnir sjálfir (Ritzer og Goodman, 2003).

Samskiptakenningar (e. *symbolic interactionism*) eru á *micro* sviði (um samskipti einstaklinga) (Ritzer og Goodman, 2003). Í samskiptakenningum er litið á samfélagið sem sé félagsleg smíð, búna til af fólkinu sem býr í því og er sjálft búið til af samfélaginu. Þetta sé eins og samtal milli fólksins og samfélagsins sem þar báðir aðilar bregðast við. Þannig

eru viðbrögðin við samtalinu og það sem gerist í kjölfarið mismunandi og geta verið eins ólík og fólk er margt (Cockerham, 2006).

## 2.8 Brjóstastækkarnir í ljósi félagsfræðilegra kenninga

Emilé Durkheim notaði sjálfsvíg sem dæmi um mikilvægi hins félagfræðilega sjónarhorns. Durkheim skoðaði sjálfsvíg þegar hann var að reyna að finna út gerendahæfnina hjá einstaklingum innan samfélaganna. Hann taldi að sjálfsvígin mætti útskýra út frá félagslegum þáttum en ekki út frá einstaklingnum. Durkheim taldi að tengsl einstaklinga við samfélagið skiptu miklu máli og hvaða taumhald það hefði á einstaklingnum (Giddens, 2005).

Durkheim fann út að fólk framdi sjálfsvíg undir ákveðnum kringumstæðum og samkvæmt ákveðnu mynstri, en ekki út frá persónulegum ástæðum. Durkheim vildi meina að maðurinn væri fyrst og fremst félagsvera og samfélagið hefði meiri áhrif á einstaklingana heldur en sálfræðin vildi láta í veðri vaka (Giddens, 2005). Durkheim hélt því statt og stöðugt fram að samfélagið hefði meiri áhrif en einstaklingurinn sjálfur á það hvað hann gerði (Giddens, 2005). Líkt og sjálfsvíg þá virðast brjóstastækkarnir mjög persónulegar athafnir.

Ef brjóstastækkun er sett inn í staðinn fyrir sjálfsvíg þá er hægt að sjá hvernig gerendahæfnin er ekki ósvipuð þar sem einstaklingar telja sig stjórna. Samkvæmt kenningum Durkheims væri brjóstastækkun ekki hlutur sem konur tækju raunverulega sjálfstæða ákvörðun um að gera þó þær haldi því fram. Þær finna að samfélagið setur fram ákveðnar kröfur um hvernig konur eiga að vera og konunum finnst þær ekki uppfylla þær og þess vegna láta þær stækka á sér brjóstin. Þeim finnst að þær séu ekki „eðlilegt“ eintak af kvenmanni. Þar sem líkami og hugur eru samtvinnaðir og fólk finnst líkami þeirra ekki sýna þá manneskju sem það heldur að það sé, þá er það líklegra til að gangast undir aðgerð. Ástæða sem einstaklingar gefa fyrir að fara í aðgerð er forræði (e. *hegemony*)

menningarinnar og hugmynda hennar um fegurð. Oft finnst fólki eftir slíkar aðgerðir að það hafi meira sjálfstraust og margir sögðust hafa frelsast (Gagné og McGaughey, 2002).

Goffman (1959) talaði um að samfélagið var ekki einsleitt og að fólk setti upp ákveðinn leikþátt mismunandi eftir því í hvaða kringumstæðum það var í. Það hegðaði sér ekki eins í vinnunni og t.d. heima hjá sér með fjölskyldunni. Hann sá að hlutverkin voru brothætt og þeim viðhaldið af félagslegri frammistöðu einstaklinganna. Í því felst að ef fólk fer út fyrir það sem er talið eðlilegt er litið á það sem ógnun við gildi samfélagsins (Ritzer og Goodman, 2003). Samkvæmt Goffman er fólk hrætt um að verða að athlægi eða fá líkamlega refsingu ef það fer út fyrir ramma þess sem talið er eðlileg hegðun (Goffman, 1959).

Þegar einstaklingur hittir annan einstakling í fyrsta sinn er eðlilegt að hann reyni að finna út hvaða flokki viðmælandinn tilheyrir (e. *stereotype*). Samkvæmt Goffman gera allir einstaklingar þetta, þ.e., reyna að skilgreina eða flokka (Goffman, 1959).

Goffman talaði einnig um hve áriðandi það er að líta út á ákveðinn hátt. Við lærum til hvers er ætlast til af okkur og vitum hvað er talið eftirsóknarvert og hvað ekki. Eins og hann benti á þá er fólk sem er of feitt talið vera heimskara en þeir sem eru grannir. Ekki þykir heldur gott í nútíma samfélagi, samfélagi æskudýrkunar, að vera talinn of gamall (Goffman, 1959). Konum sem fannst þær vera með of lítil brjóst, þótti fólkið í kringum sig ekki taka sig alvarlega og að ekki væri komið fram við þær af virðingu (Gagné og McGaughey, 2002). Samkvæmt kenningu Goffmans ætti útlit einstaklinga að vera í samræmi við þá persónu sem það leikur. Konur þurfi þess vegna að vera með stór brjóst, því þannig eru þær meiri konur en þær sem eru með lítil brjóst. Svo mætti einnig líkja ákvörðun um brjóstastækkun við aðra lærða félagslega hegðun.

Edwin H. Sutherland (1883-1950) setti fram kenningu um félagsnám og samskipti innan hópa „*Differential association*“. Þar hann hélt því fram að öll hegðun sé lærd, þau viðmið og gildi sem ríkja innan samfélags hafa áhrif á hegðun og stýra því sem talið er rétt

og rangt. Það sem er fólk sér og hefur fyrir augunum alla daga er líklega talið norm, þótt það brjóti í bága við lög eða gegn rétti annarra (Akers og Sellers, 2004). Ákveðin hópastemming myndast þar sem gildin eru önnur og í sumum hópum getur þótt í lagi að láta stækka á sér brjóstin en í öðrum hópum þykir það mjög óeðlilegt. Sterkustu orsakabættirnir fyrir læðri félagslegri hegðun eru lengd, tíðni og styrkur tengslanna. Samkvæmt kenningu Sutherland ættu konur sem þekkja konur sem hafa farið í brjóstastækkun að vera líklegri en aðrar til að láta stækka á sér brjóstin. Einnig hafa jákvæðar skilgreiningar á stórum brjóstum allt í kringum okkur áhrif á hvort konur fari í brjóstastækkun. Skilgreiningin kemur t.d. úr klámvæðingunni, frá karlmönnum sem einnig alast upp í klámvæðingunni. Tengsl milli einstaklinga skipta einnig máli, því tengdari sem þeir eru þeim mun meiri líkur á að konurnar fari í brjóstastækkun. Brjóstastækkun telst eðlilega í sumum hópum en ekki öðrum. Í okkar daglega umhverfi er mikið um konur með stór brjóst. Við sjáum þær t.d. í blöðum, bíómyndum og auglýsingum.



### 3 Niðurstöður

Hvaðan kemur það að brjóstastækkun er talinn vera eðlilegur hlutur og hvaða áhrif hafa t.d. klám og hlutgerving kvenna á ákvarðanatöku þegar konur ákveða að fara í aðgerð? Er þetta persónuleg ákvörðun og er ekkert annað sem hefur áhrif á hana eða hefur umhverfið og samfélagið áhrif með því að vera búið að ákveða hvað er talið vera eðlilegt? Að framan hafa áherslur þessarar ritgerðar snúið að íslenskum veruleika, samfélagslegum þáttum og félagslegu sjónarhorni er tengist lýtalækningum og gerendahæfni einstaklinga. Hér í þessum kafla eru niðurstöður eigindlegar rannsóknar birtar og þær settar í samhengi við fyrri umfjöllun.

#### 3.1 Rannsókn með ungu fólki

Í því skyni að finna hvort og hvernig unglingar upplifa útlitsþrýsting frá samfélaginu og hvort þeir geri sér grein fyrir þeim þrýstingi, voru tekin fjögur viðtöl við unga einstaklinga á aldrinum 15-17 ára. Ungt fólk var valið sem viðmælendur vegna þess að sjálfsmyndin er ekki fullmótuð og umhverfið hefur mikil áhrif á hvernig það sér sig sjálft. Markmiðið var einnig að reyna að finna út hvernig umræðan um klám og orðræðan um útlit kvenna og lýta- og fegrunaraðgerðir kemur þeim fyrir sjónir.

##### 3.1.1 Aðferðarfræðin

Aðferðafræði þessarar eigindlegu rannsóknar byggir á Vancouver-skólanum í fyrirbærafræði. Samkvæmt þeirri aðferðafræði er lögð áhersla á reynslu einstaklingsins og hlutverk rannsakandans er að hlusta á frásögn viðmælandans. Vancouver-skólinn byggir á þeirri aðferðarfræði að hver einstaklingur sjái heiminn á sinn hátt og mótast lífssýn hans út frá því. Í viðtölunum er talað um viðmælandann sem meðrannsakanda. Rannsakandinn verður að vera tilbúinn til að sjá heiminn út frá því sjónarhorni sem meðrannsakandinn býður honum. Reynt er að skilja einstaklinga út frá þeirra eigin félagslega samhengi (Sigríður

Halldórsdóttir, 2003). Í fyrirbærafræðinni sem Vancouver-skólinn vinnur eftir verður að gæta þess að það sé samhengi milli tilgangs rannsóknarinnar og úrtaksins. Þess vegna var lagt upp með nokkrar spurningar sem áttu að leitast við að fá útskýringu á því hvernig einstaklingarnir sjá sjálfa sig og umhverfið sitt og allar hugmyndir eru jafn gildar (Sigríður Halldórsdóttir, 2003).

Þegar lokið var að skrifa upp viðtölin fjögur, voru þau yfirfarin og greind niður í þemu samkvæmt Vancouver-skólanum. Megin þemað er útlitsímynd og helstu áhrifavaldar hennar. Önnur þemu eru klám, hvernig þau hugsa um lýtaaðgerðir og umræða um sterka sjálfsmynd. Í greiningarlíkani í kafla 3.4 er fjallað nánar um þemun og undirþætti. Spurningar sem stuðst var við í viðtölunum og héldu umræðunni innan efnis má finna í fylgiskjali 1.

### 3.1.2 Kynning á meðrannsakendum

Meðrannsakendur eru fjórir unglingar úr sama hverfi í Reykjavík. Um er að ræða þrjár 15 og 16 ára stelpur sem nýlokið hafa grunnskólanámi og 17 ára strákar sem lokið hefur einu ári í framhaldsskóla.

Í upphafi viðtalsins var meðrannsakendum kynnt að viðtalið yrði tekið upp og því síðar eytt eftir að búið væri að fara yfir gögnin og greina þau. Ekki á að vera hægt að rekja svör meðrannsakendanna til þeirra og voru þeim gefin nöfnin Sigga, Jóna, Anna og Ari sem rannsakandi bjó til.

### 3.1.3 Greiningarlíkan

Viðtölin við unga fólkid voru greind niður í 4 meginþemu. Tafla 1 sýnir helstu þemu og undirþætti sem fjallað er um hér að aftan í niðurstöðuköflum rannsóknarinnar.

**Tafla 1: Greiningarlíkan**

**Aðalþema: Útlitið og áhrifavaldar**

Útlitsímyndir, konan/kvenímyndin

Eltingleikur við útlitið

Mikilvægi útlitsins

Dómar og þeir sem skera sig úr

Félagslegur þrýstingur

Áhrifavaldarnir (miðlarnir, foreldrnir, vinir, íþróttir og skólinn)

**Annað þema: Lýta- og fegrunaraðgerðir**

Skilgreiningar og munur

Val og réttmæti

**Þriðja þema: Klám**

Aðgengi og sýnileiki

Tenging við fegrunaraðgerðir

Áhrifin

**Fjórdá þema: Jákvæð sjálfsmynd**

Styrkjandi þættir

### 3.2 Aðalþemað: Útlitið og áhrifavaldar

Til að finna út hvort fyrirmyndir í umhverfi okkar geta haft mótandi áhrif voru meðrannsakendur spurðir út í hvaða ímyndir þeir sæju í kringum sig. Megin hluti

viðtalanna helgaðist þessum þætti og var einnig rætt um mikilvægi útlitsins og þrýstingsins sem unga fólkið verður fyrir og skynjar.

### 3.2.1 Útlitið

Áhersla á holdafar kvenna var atriði sem Sigga hafði tekið eftir í hinum ýmsu miðlum. Hún sagði: „Sumar eru of mjóar, stundum sér maður já, of mjóar til að vera lifandi“. Hún lýsti þessari ímynd kvenna á eftirfarandi hátt: „Ógeðslega mjóar með risa stór brjóst, í mjög litlum fötum“ Jóna talaði um „vera með eins lítið mitti og þú getur og eins mjó en samt ekki of mjó“. Anna sagði: „Þú þarft að vera rosalega mjór þarft samt svolítill brjóst með smá mjaðmir og svona, vera rosalega fallegur í andlitinu, með hvítar beinar tennur brúnn og þannig“.

Athyglisvert var að sjá að stelpurnar töldu upp mjög ýktar kvenímyndir sem birtast í myndmiðlunum og notuðu orðin *eiga* og *þurfa* í lýsingunum. Þær byrjuðu á að tala um þessar ýktu ímyndirnar en fóru svo að draga aðeins í land og ljóst er að þær gera sér grein fyrir því að fjölbreytileikinn er mikill. Til dæmis sagði Jóna: „Það er til fullt af konum í heiminum og það er engin alveg nákvæmlega eins“. Hún bætti svo við að: „Náttúrulega er að lang algengast er að líkja konu við kókflösku. Eða gamla kókflösku [...] Þetta er bara steriótýpa [...] Þær eru bara eins og þær eru. Það skiptir engu máli hvernig þú ert það bara“. Anna sagði „Mér finnst þessir staðlar svo ljótir. Þegar ég horfi framan á glanstímaritin og þá hugsa ég: af hverju er hún talin fallegri en ég?“ Hún bætti einnig við: „Veit ekki alveg hvernig hægt er að keppa í fegurð. Þú ræður ekki yfir því hvernig þú lítur út“.

Ólíkt stelpunum var Ari ekki með sterkar skoðanir á því hvernig konur eiga að vera og aðspurður um hugmyndir sínar eða vana sinna sagði hann að hann héldi að það væri „Engin sérstök fyrirmynd“ fyrir konur. Aðspurður um fyrirmyndir að eigin útliti nefndi Ari að hann skoðaði helst „Internetið“ og væri þá helst að skoða efni tengt vaxtarækt. Það

samræmist einnig orðum Jónu um að: „Það er meiri tilhneiging til að vera vöðvastæltari hjá strákum en stelpum“.

Í tengslum við spurningar um konu og kvenímyndir kom fram skilgreining þeirra Önnu og Ara á hvað kona væri og Anna sagði „Bara manneskja með kvenkynskynfæri .. og ekkert meira í rauninni“. Ari sagði „Ekki karl, ætli það ekki [...] Er það ekki bara.. kynfærin í rauninni“.

Vafalítið má tengja sterkar og ýktar fyrirmyndir sem stelpurnar tala um t.d. til tískublaða og þá óhollu fegurðarímynd sem haldið er á lofti í miðlunum. Útlitsímyndunum virðist einnig frekar beint að stelpum og ekki eins sterkt að strákum. Eins og Anna orðaði það „Þeir mega bara fara í jakkaföt og þá eru þeir finir“.

### 3.2.2 Eltingaleikur við útlitið

Krakkarnir töluðu um hve skrítnir hlutir væru gerðir til þess að eltast við fegurðarímyndir eins og þegar Jóna sagði „Gera .. bara fárálegustu hluti til að líta út eins og þetta fólk. Það vita allir að þegar þú ferð í ljós þá aukast líkurnar á því að þú fái húðkrabbamein .. og það fer illa með húðina og það er ekki flókið“. Hún lýsti eigin reynslu með dæmi þar sem „Það voru fullt af stelpum með mér í skóla með *push up* og límdu saman á sér brjóstin til að sýna þau stærri“. Þannig talaði Jóna um hvernig skólasystur hennar skilgreindu sig út frá brjóstunum og það fannst henni ekki sniðugt. Eins nefndi Anna sögur af vinkvennahópum, allt niður í 6. bekk sem samsömuðu sig ýktum fyrirmyndum, þ.e. „Stelpur í sjötta bekk sem ganga allan daginn með brjóstin úti, þetta litla sem þær hafa, en þær ýta því bara öllu upp og svona. Svo ganga þær bara hel málaðar með brúnar grímur og svoleiðis“. Hún lýsti því yfir að sér fyndist þetta „Alveg skelfilegt og ljótt að horfa á þetta“ og bendir á að þetta „Þýðir náttúrulega að yngri krakkar eru farnir að horfa á þetta líka“. Þar var hún að tala um að hvernig tískan hefði áhrif á alltaf yngri og yngri krakka.

### 3.2.3 Skiptir útlitið máli?

Krakkarnir voru spurð hvort útlitið skipti máli og einnig hvaðan þau fá sínar útlitsímyndir. Jóna sem skilgreindi sig í viðtalinu sem „Íþróttamann“ sagði „Í dag hugsa ég mest um íþróttamenn og þá kannski unglinga, ég er náttúrulega unglings sjálf. Þannig ég hugsa mikið um hvernig unglingar líta út og hvernig íþróttafólk er“. Sigga sem einnig stundar íþróttir sagði „Það skiptir mjög miklu máli hvernig þú lítur út í blöðum og þannig [...] það er auðveldara að fá styrktaraðila“. Anna talaði um hvernig henni „Finnst maður svo mikið dæmdur út frá útlitinu. Svo þegar maður horfir í spegilinn þá horfir maður á eitthvað sem manni finnst mætti vera betra og annað sem manni finnst gott en ég vildi að það gerði það minna“. Hún benti á að fólk hafi valmöguleikann á því að sleppa að hugsa um útlitið en hafnaði þeim valmöguleika fljótlega „Því ef þú hættir að hugsa um útlitið þá fer samfélagið að útskúfa þér“.

Ólíkt því þegar stelpurnar tala um útlitið og sjálfan sig fyrir framan spegilinn þá afgangir Ari málið með að segja að útlit skipti „ekkert sérstaklega miklu. Nei, tveir eða þrír af tíu“. Hann nefnir einnig mikilvægi persónuleika fólks og samskiptahæfni og nefnir að útlitið sé „faktor en það er ekkert.. It's not huge“.

### 3.2.4 Dómharka og þeir sem skera sig úr fjöldanum

Krakkarnir minnst á eigin dómhörku og annarra. Jóna segir t.d í „það er til fullt af fólki sem dæmir fólk við fyrstu sýn.. Og það fólk horfir á hvernig líkaminn er, ekki hvernig, þú veist, ekki hvernig fólk sýnir sig eða kemur fram eða þannig“. Hún beinir athyglinni einnig að sjálfri sér og segir: „ég sjálf dæmi svolítið fólk, en hérna það er náttúrulega enginn sem er fullkominn“ og bætir við að hún „ég myndi alveg tala við fólk sem væri eitthvað þannig ef ég þyrfti þess“ og á þá við fólk sem bregður frá norminu. Sigga viðurkennir einnig að útlit geti fælt frá og hrætt því „ef gaurinn lítur hræðilega út eða þannig sem hræðir mann. Manni langar ekki að vera nálægt þannig manneskjum“.

Umræða um fólk sem vikur frá stöðluðum glansmyndum myndmiðlanna kemur fram hjá Jónu þegar hún talar um algenga uppsetningu bandarískra sjónvarpsþátta: „allt fólkið er bara að það lítur allt mjög vel út og er svona brúnt með flott hár og þannig. Og svo er það kannski bara einn karakter sem er þessi feiti eða þá er alltaf verið að gera grín að honum og alltaf að vera að koma með punch lines um hvernig hann lítur út og þannig. Það er bara mjög góðir vinir og þetta á allt að vera í djóki“. Hún tengir þessa ímynd við raunveruleikann og bendir á að „ef þetta væri venjuleg manneskja þá tæki hún þessu örugglega mjög nærri sér“.

### 3.2.5 Áhrifavaldar

Þeir áhrifavaldar sem krakkarnir nefndu voru sjónvarp, netið, tímarit, tónlistarmyndbönd, vinir, fjölskylda og skóli. Með orðum Ara „fjölmiðlarnir lang stærst“, svo fannst honum sem vinirnir væru stærri áhrifavaldur en foreldrarnir og skólinn kæmi síðastur inn. Líklega er flokkunin svipuð hjá þeim öllum þó svo Ari hafi með orðum sínum sett fram eftirfarandi flokkun á áhrifunum:

1. Fjölmiðlarnir
2. Vinir
3. Foreldrar
4. Skólinn

Jóna talaði um hvernig miðlarnir hafa áhrif á hugsunargang einstaklinganna í samfélaginu með að segja: „það kemur rosalega mikið úr sjónvarpinu og tölvunum og netinu“. Hún sagði einnig „ég er ekki mikið fyrir að horfa.. á sjónvarpið [...] ég er meira fyrir að vera bara meira á síðum eins og Myspace eða Facebook“. Anna talaði um að hún sjái „fleiri og fleiri þætti sem eru svona fullkomna konan. Bara það að nefna dæmi alla módel þættina þú veist Real Housewives of Orange County er bara þættir sem allir eru bara í lýtaaðgerðum. Doctor 90210“. Hún setur fram spurninguna: „Hver hefði leyft þetta fyrir einhverjum árum síðan?“.

Af orðum unga fólksins er ljóst að myndmiðlarnir hafa mikið vægi í lífi þeirra. Í þessa miðla sækja krakkarnir sér víðtæka þekkingu og áhrif þeirra eru víðtæk.

### 3.2.6 Félagslegur þrýstingur

Aðspurð um beinan þrýsting sem krakkarnir yrðu fyrir frá umhverfinu nefndi ein stelpa vini, tvær stelpur mæður sína og í máli hinna komu fram áhrif frá íþróttþjálfara og félögum í íþróttum. Sigga sagði um þrýstinginn sem henni finnst hún upplifa frá vinkonu sinni „Má ekki klæða mig í fötunum mínum þá fer hún að hlæja og byrjar að dæma mann .. og hún ætti bara að sjá hvernig hún klæðir sig sjálf“. Um þrýsting mæðra á útlit þeirra, sagði Sigga „Hún er að láta mig borða betur, hreyfa mig meira“. Jóna nefndi einnig móður sína og þrýsting frá henni „hún vill náttúrulega að ég standi mig eins vel og ég get .. Þannig er svona smá þrýstingur frá henni“. Svo nefndi hún þrýsting sem kæmi einnig „kannski þjálfaranum mínum eða fólki sem er að æfa með mér“.

## 3.3 Annað þema: Lýta- og fegrunaraðgerðir

Auk þess að ræða um útlitið og áhrifavalda í víðu samhengi voru meðrannsakendurnir hvattir til að tjá sig um lýta- og fegrunaraðgerðir. Umræðan snerist einkum um muninn á þessu tvennu og eins réttmæti aðgerðanna.

### 3.3.1 Munur á lýta- og fegrunaraðgerðum

Af fjórum meðrannsakendum voru þrír sem gátu skilgreint mun á lýta- og fegrunaraðgerðum. Þó þurftu stelpurnar tvær og strákurinn sem gerðu sér grein fyrir muninum þurftu þau dálítinn tíma til að orða skilgreininguna og hún var ekki í öllum tilfellum skýrt fram sett. Niðurstaða Siggu var að „stundum kemur það alveg hræðilega út og já .. eins og það er mikill munur á því. Lýtaaðgerð getur verið til að gera .. já vera hjálpa manni en ekki fegrunaraðgerðir sem að eru hættulegar“. Ari talaði um muninn þannig að „lýtaaðgerð er .. uhh.. gott dæmi, fæðingarblettir eða einhver svona lýti eins og kýli... og



fegrunaraðgerð væri .. þú ert ágætur eins og þú ert en þú gætir verið betri“. Anna taldi lýtaaðgerð „vera eins og að laga lýti en skilurðu fegrunaraðgerð er bara eitthvað svona þú veist .. einhverjir halda að þeir séu að gera sig fallegri en það gerir það ekki endilega.. bara gerir þá nær þessum ímyndum sem við sjáum í blöðunum“.

### 3.3.2 Val og réttmæti aðgerða

Í viðtölunum voru meðrannsakendurnir spurðir að því hvað þeim fyndist um lýta- og fegrunaraðgerðir. Ari sagði eitt orð um lýtaaðgerðir: „Kjánalegar“. Hann velti einnig eltingaleik einstaklinga við staðlaðar fegurðarímyndir fyrir sér og sagði: „hann er tengdur sjálfsmyndinni“. Hann taldi einnig að aðgerðir væru „alveg örugglega“ alltaf að verða algengari og þá „sérstaklega miðað við tæknina svona og allt það“ og tengdi fjölgunina á aðgerðum tækniþróun læknávisindanna. Jóna sagðist vita um áhættuna sem fylgdi því að fara í aðgerð „það er ekki gott að fara í aðgerð, því það getur margt farið úrskaiðis og þú getur slasast endanlega. En herna mér finnst ekki eins og konur ættu að fyrst að fara í fegrunar- eða lýtaaðgerð því þær eru fallegar hvort sem er, allir eru það“. Hér var hún að tala um að allir eru fallegir, við þurfum bara að stoppa og hugsa aðeins og minna okkur á það. Jóna setti fram ágætis skilgreiningu á hugtakinu fegurð: „Því fegurð er bara tákmynd, tákni sem kemur upp í hugann“. Sigga gerði greinarmun á t.d. tannlækningum og fegrunaraðgerðum og fannst „allt í lagi“ þegar „einher sem er búinn að skemma tennurnar og þarf nýjar tennur“ en benti á að „fegrunaraðgerðir er að gera einherinn fínan og flottan“.

Þegar rætt var um konur sem missa brjóst vegna krabbameins virtust krakkarnir vera á þeirri skoðun að þá ætti að vera í lagi að fá sílikon-púða í brjóstin. Sigga benti líka að konurnar hefðu val: „ef þær vilja en ekki ef hinar þurfa þess ekki. Hinar sem fengu krabbamein vilja kannski vera með einher brjóst það er allt í lagi“. Hún komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að það væri í lagi ef kona ákvæði að setja ekkert í staðinn, þar sem

kona gæti ekki verið skilgreind út frá brjóstunum á sér og voru fleiri þeirra skoðunar. Til dæmis kom fram þegar Jóna talaði um konur að henni fannst að það ætti ekki að skipta máli hvort þær væru með stór brjóst eða ekki „alls ekki. Mér er alveg sama hversu stór brjóst kona er með. Hún er bara kona, það hefur ekkert með það að gera hversu stór brjóst hún er með“.

Anna talaði í upphafi viðtals um að henni þætti í lagi að einstaklingar færu í aðgerð og byrjaði á að segja: „Mér finnst það í lagi ef þetta er þú veist alveg meðvituð ákvörðun og bara þú veist þér líður illa út af einhverju..“ og sagði aðeins seinna í viðtalinu: „Ástæðan að ég sagði að það megí í sumum tilfellum er sú að frænka mín sem er hjúkrunarfræðingur sagði bara þetta og ég var svona ágætlega sammála þessu en þetta bara svona sem maður lærir bara af fjölskyldu sinni, svona viðhorf“. Hún talaði svo aðeins meira og síðar í viðtalinu endaði hún á að segja:

Ég er ekki viss um að ég sé sammála henni. Með brjóstin. Þegar ég hugsa út í það sko. Ef kona er með rosa lítil brjóst þú veist. Það þarf ekki að láta hana líða illa.. Ef hún ofsalega óánægð með það þá getur hún fengið sér púðabryóstahaldara.

Þannig hafði Anna tekið einhverja skoðun sem góða og gilda en þegar hún fékk tækifæri til að hugsa og setja hugsanir sínar í orð, fannst henni skoðun frænkunnar ekki vera sín eigin skoðun. Í tengslum við þessa meðvitund um eigin skoðanir sem þróaðist í viðtalinu benti Anna einnig á áhrif sem tengdust því að lýtalæknar ýttu undir aðgerðir. Hún nefndi dæmi um orð um lýtalækni sem hún sá í sjónvarpinu og var að gefa konu ráð um hvort hún ætti að fara í aðgerð: „já OK flott hjá þér og þú verður örugglega betri ef þú myndir gera þetta við þig“. Anna sá einnig að ef hann ýtti konunni út í aðgerðina þá fengi hann peninga úr því og sagði: „Hann náttúrulega græðir peninga á því“ og tengdi slíka auglýsingamennsku við gróðahugsjónina.

Umræður við unga fólkið um lýtalækningar voru einkar áhugaverðar og í raun var það mjög áhrifaríkt að upplifa hvernig krakkarnir fóru að hugsa hluti sem þeim hafði verið

gefin skoðun á, oft af fjölskyldu eða vinum og jafnvel með óbeinum auglýsingum í gegnum sjónvarpsþætti. Um var að ræða ákvörðun sem þau höfðu tekið án þess að hafa spáð mikið í sjálf og vissu ekki af hverju þau hefðu haft þessa skoðun. Þegar þau fóru svo að hugsa málið þá komust þau oft að allt annarri niðurstöðu en þau höfðu haft í upphafi viðtals.

### 3.4 Þriðja þema: Klám

Í tali meðrannsakenda um áhrifavalda kom fram að miðlarnir skipa stóran sess í daglegu lífi unga fólksins. Í því skyni að varpa ljósi á aðgengi að klámi í miðlum dagsins í dag, greina áhrif þess og tengingu við lýta- og fegrunaraðgerðir var rætt um fyrirbærið.

#### 3.4.1 Aðgengi og sýnileiki

Aðspurð um aðgengi og sýnileika kláms kom í ljós að meðrannsakendunum fannst flestum að það væri auðvelt að nálgast klám, þá helst á internetinu og klám væri einnig í tónlistarmyndböndum. Anna sagði: „Þetta er allt í kringum okkur, maður þarf ekki annað en að fara á Google og skrifa „porn“ og þá bara „pling“ út um allt“. Sigga sagði þegar hún var spurð um hvar hún tæki helst eftir klámi „Allt í kringum mig“. Aðgengi er kannski ekki rétta orðið því þeim fannst þessu vera troðið uppá þau án þess að þau vildu það. Eins og Jóna sagði: „Í gamladaga þurfti maður að leita af klámi en núna leitast klámið við að finna þig. Það er alveg satt því núna er klámiðnaðurinn orðinn svo stór og mikill eitthvað. Nú getur hann bara farið að auglýsa sig“. Þau tala um klámauglýsingar inn á leikjasíðum og benda á að íslensku síðurnar eru ekki með þessar auglýsingar inni á sínum síðum en leikirnir sem leikjasíðurnar vísa á, eru með þessar auglýsingar. Eins og Anna segir: „ef maður er í leik þá kemur: „find hot naked pictures“. Þetta er út um allt. Ég er bara í mínum tetris, þá bara naktar konur“. Hún bætti einnig við „Mér finnst svolítið merkilegt það eru bara naktar konur, ekki naktir karlar“.

Fram kom að ef þau hlaða niður sjónvarpsþáttum af netinu þá fylgi klámauglýsingar með. Anna lýsti eftirfarandi niðurhali þar sem þessi skilaboð birtust í upphafi:

„*Find your playmate in Iceland*“. Mynd af tveimur hálf nöktum konum og þú veist ef ég ýti á play þá kemur sá gluggi upp. Ég get ekki ýtt á play nema sá gluggi kemur upp.. síðan þarf ég að ýta aftur og þá get ég farið að horfa á.

Sigga nefndi að hún héldi að klámið væri „í sjónvarpinu sem er einhvers staðar á Adult dótarii og svo hægt að sjá það í blöðum eins og Bleikt og blátt“. Hún benti eins og Anna á að myndir af nöktum konum væru mun algengari en af nöktum karlmönnum.

Krakkarnir eru öll með tölvupóstfang og þau töluðu um að þar væri verið að senda tölvupóst með klámi til foreldra sinna frekar en til þeirra sjálfra, því eins og Anna sagði: „Ég er með svo gott hérna *junkfilter* þannig að ég fæ aldrei neitt en foreldrar mínir fá svo mikið svona. Það er greinilega einhver markaður fyrir þessu“.

Ari telur að klámið sé „náttúrulega á netinu ... en frekar lítið í sjónvarpinu“ en hann bendir á að „sum af þessum tónlistarmyndböndum eru farin að fara svolítið langt“. Sigga ræddi einnig um tónlistarmyndböndin og sagði „oft meirihlutinn af þeim finnst mér vera eins og klám“. Jóna nefnir rapparann 50 Cent sem dæmi sem henni finnst að hann sé að auglýsa sig sem einhvern „dólg“ og hún segir einnig „þetta bara staðalmynd, ímynd af sem hann sem honum hefur verið gefin sem hann er að fylgja eftir“.

### 3.4.2 Tenging við februnaraðgerðir

Tenging februnaraðgerða við klám kom fram hjá Jónu þegar hún sagði að henni fyndist sem að „eiginlega allar konur sem eru í klámi hafa farið í að minnsta kosti tvær lýtaaðgerðir og líta svona út og þær fara sennilega oftast í brjóstastækkun og svo rassastækkun eða eitthvað svoléiðis“. Önnu fannst sem strákarnir tali um niðrandi um aðrar stelpur fyrir framan sig á þann hátt sem henni finnst ekki við hæfi og hún taldi að þetta kæmi frá klámiðnaðinum og sagði „strákarnir sem ég tala við þeim finnst þannig konur

vera svo flottar, þess vegna vilja þeir að allar stelpur séu þannig, mér finnst eins og dálðið svona æjjjæj. Það er enginn svona í alvörunni“.

### 3.4.3 Áhrifin

Meðrannsakendurnir gera sér grein fyrir því hve óeðlilegur heimur klámsins er en telja samt að hann hafi áhrif á hvernig þeir og aðrir hugsa. Klámvæðingin er allt í kringum okkur og við vitum alveg af því en gerum svo ekkert í því að skilgreina t.d. hvaðan hugmyndir okkar koma, heldur framkvæmum við bara án þess að reyna að skilja hvers vegna. Eins og þegar Jóna sagði:

ég held að fólk fatti það og svo gleymi það því.. eða það leggst  
í dvala í hausnum á manni eða eitthvað þannig og bara svo allt í  
einu þegar það hugsar þá: Já ég vissi það en samt gera það áfram

Hún er í raun að lýsa því hvernig áhrifin síast inn í undirmeðvitundina og verða að viðmiðum einstaklinga. Fólk stoppar því ekki og hugsar um af hverju það framkvæmir hlutina heldur gerir það á þann hátt sem það hefur meðtekið, t.d. úr kláminu. Eins og þegar konur fara í brjóstastækkun, þá gera þær sér oft ekki grein hvaðan löngun þeirra í stærri brjóst kemur og þær halda að þetta sé þeirra eigin hugmynd.

Umræðu krakkana um klám er hægt að tengja við marga þætti sem hafa komið fram hér í ritgerðinni. Nefna má það hvernig markaðsöflin stjórna því hvernig útlit er talið eftirsóknavert og hvernig það þykir flott að vera með stór brjóst eins og klámmyndaleikkonurnar og hvernig það er orðið að „normi“. Líkt og fjallað hefur verið um félagsnámið gildir að því lengur og því oftar sem einstaklingur er með eða horfir á aðra einstaklinga sem hafa farið í brjóstastækkun og sá sem sér klámefni og verður fyrir klámvæðingunni, því líklegra er að viðkomandi haldi að það sé eðlileg hegðun og útlit.

### 3.5 Fjórða þema: Jákvæð sjálfsmynd

Í köflum hér að framan (sjá t.d. 3.5.4 og 3.5.5) var fjallað um áhrifavalda í umhverfinu og þrýsting frá þeim. Í tengslum við þessa umræðu voru meðrannsakendurnir spurðir um hvernig styrkja mætti sjálfsmynd unglunga og tryggja að hún mótist á heilbrigðan hátt.

#### 3.5.1 Styrkjandi þættir

Spurningin sem lögð var fyrir unglunga snerist um hvað þeim fyndist að þyrfti að gera til að sjálfsmynd barna og unglunga yrði betri og sterkari, svo einstaklingar gætu þolað áreitið frá vinunum og umhverfinu betur en þeir gera í dag. Fjölmörg atriði komu fram, Jóna sagði „Fyrstu kynni eru endilega ekki rétt [...] Við verðum að laga, það á ekki að dæma fólk eftir því hvernig það er við fyrstu kynni, það er bara eitt af því sem fólk þarf að læra“. Einnig komu meðrannsakendur að því hvernig það ætti að taka á stríðni/einelti eins og Jóna sagði „ef þau sjá að það er verið að gera grín að einhverjum, kannski að hann sé með gleraugu. Þá halda þau að þau megi gera grín að þeim sem er með gleraugu og þá kemur svoleiðis kynslóð..“. Þannig að börn læra það sem fyrir þeim er haft.

Meðrannsakendum fannst sem fjölmiðlarnir sýni ekki nægilegan fjölbreytileika eins og þeir hefðu vald til að gera. Anna sagði „hægt er að sýna að það sé til mismunandi fólk og sýna að það er hamingjusamt. [...] t.d. fjölmiðlar taki sig saman [...] sýna svoleiðis myndir í blöðunum þá yrðu örugglega allir ánægðari með sjálfa sig“. Það væri hægt að útfæra það á þann veg sem Ari sagði „unglingsstúlkur módel draslið þarna, sem er ekki sniðugt.. svona America's Next Top Model sem stelpurnar eru svona fjórtíu og hálf kíló [...] hérna tískusýning þar sem einhver þyngdartakmörk á stelpunum eða BMI takmörk“. Þar sem heilsa og heilbrigði skipta máli eins og Sigga sagði „sýna fólk sem er með góða heilsu“. Henni fannst einnig að það væri hægt að finna íþróttir fyrir alla unglunga og „kynna þá fyrir öllum íþróttum sem eru til svo að þeir geti fundið sér, eitthvað við sitt hæfi“.

Jóna nefndi að það væri mikilvægt að „vera meira úti“ og henni fannst að það ætti að minnka tíma barna í sjónvarpsgláp og tölvunotkun og „reyna að láta þau hætta að vera með sjónvarpið og tölvuna“. Þau gleymdu ekki að nefna gildi samverunnar og þess að „gera eitthvað með börnunum [...] að gera eitthvað saman og það er þessi samhæfing í leiðinni, geta fylgst með barninu í leiðinni“. Þannig sagði Jóna að samvera, meðvitund og eftirlit foreldra skipti miklu máli „Sumir foreldrar náttúrulega vinna allan tímann og þá verða þau að passa sig að fylgjast vel með hegðun barna sinna kannski, það er hún sem skiptir máli. Börn eru ekkert rosalega góð að fela allt. Þau geta kannski falið að þau þegar þú veist fengu sér mentos eða eitthvað. En þegar það kemur að svona stórum málum er ekki hægt að fela þau svo vel, maður verður bara að taka eftir því [...] Já hegðun manns breytist þegar eitthvað svona gerist, það eru bara 100% líkur á því“.

Af þessum fjölbreyttu atriðum sem unglíngarnir nefndu til að efla sjálfsmýnd barna og unglínga var mikið af hugmyndunum sem tengdust foreldrum, fjölmiðlum og heilbrigðu lífni. Þeim fannst einnig að samfélagið ætti að taka sig saman og samþykkja fjölbreytileikann sem er til. Fróðlegt er að sjá að áhersla á þátt skólans í að efla sjálfsmýndina kemur ekki sterkt fram hjá meðrannsakendunum. Áhersla á mikilvægi heilbrigðs lífnis og íþróttar kemur sterkt fram og það sama má segja um gildi samveru og uppeldis foreldra.

## 4 Umræða

Í þessum kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar settar í samhengi við fyrri skrif og séð hvernig meðrannsakendurnir unnu sig í gegnum skilgreininguna á lýtaaðgerð og fegrunaraðgerð. Hvernig þeim finnst samfélagið segja þeim að þau séu í lagi en gætu jafnframt verið svo miklu betri. Hvernig unglingar, þegar þeir fá tækifæri til að hugsa sig um, mynda sér sína eigin skoðun sem getur stangast á við þá fyrri.

### „þú ert ágætur eins og þú ert en þú gætir verið betri“

Meðrannsakendurnir gerðu ekki skýran mun á lýta- og fegrunaraðgerðum til að byrja með en sá munur skýrðist þegar leið á samtalið. Skoðanir krakkanna á réttmæti fegrunaraðgerðanna voru á þann veg að þær væru „kjánalegar“. Segja má að krakkarnir hafi komist að því að mörg tilfelli aðgerða væru í raun óþörf og byggð á eltingaleik við fegurðarímyndir og tilbúin gildi um það sem einstaklingar vilja og þarfnast frá markaðinum líkt og Ritzer og Goodman (2003) halda fram.

Umræða um útlitsfyrirmyndir og lýtalækningar er eflaust af hinu góða, t.d. gerði ein stúlkan sér grein fyrir að skoðanir frænku hennar sem hún hafði tekið upp, samræmdust í raun ekki hennar eigin. Í raun má segja að ef umræða er ekki fyrir hendi þá byggja t.d. konur sem fara í brjóstastækkun ákvörðun sína ekki á frjálsum vilja heldur eru þær fórnarlömb fegrunaraðgerðarfársins sem fylgja fegrunarstöðlum samfélagsins úti ystu æsar (Conrad, 2007; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005).

Unglingar eru alls ekki ófærir um að taka sínar eigin ákvarðanir, fái þeir forsendur til þess og einnig verður að gefa þeim fleiri forsendur en fjölmiðlarnir, fjölskyldan og vinirnir gefa. Umræða er mikilvæg og hennar er þörf. Frumskilyrði þess að geta tekið afstöðu til málefna er að hafa skilning á því um hvað málin snúast. Umræða um lýta- og fegrunarlækningar er mikilvæg til að fólk geti skilgreint muninn og í framhaldi tekið eigin afstöðu til fyrirbæranna.



**„ef þetta væri venjuleg manneskja þá tæki hann þessu örugglega mjög nærri sér“**

Samkvæmt Goffman er fólk hrætt um að verða að athlægi eða fá refsingu ef það fer út fyrir ramma þess sem talið er „eðlileg“ hegðun. Goffman talar um hve áriðandi það er að líta út á ákveðinn hátt. Við lærum til hvers er ætlast til af okkur og vitum hvað er talið eftirsóknarvert og hvað ekki. Skilboðin frá samfélaginu eru: Þú getur ekki gert hvað sem þig langar til, sumir hlutir eru einfaldlega ekki ásættanlegir (Goffman, 1959).

Greinileg merki um þessa hræðslu við að bregða frá norminu og við þá sem skera sig frá því kemur fram. Til dæmis viðurkenna viðmælendur eigin dómhörku og hræðslu við fólk sem er frábrugðið. Jafnframt er þeim möguleika að hugsa ekki um útlitið hafnað í viðtölunum. Eins og þegar Jóna talaði um hvernig hún horfði til íþóttamanna og fannst að þeir þyrftu að vera í toppformi. Þegar hún var innt eftir því hvort það væri samasemmerki á milli þess að vera í toppformi og vera góður íþróttamaður sagði hún: „Ekkert endilega, þú getur verið í góðu formi en samt ekki litið þannig út, það er að segja“. Anna nefndi „Ef þú ert með útstæð eyru þá hefur örugglega einhver strítt þér út af því og þér líður illa út af því.. þess vegna langar þig til að gera þetta en það væri svo miklu betra ef fólk þyrfti bara ekki vera að stríða hvert öðru á þessu“.

**„Find your playmate in Iceland“**

Fram kom í viðtölum við meðrannsakendur að þeim finnist að klámið flæða um allt. Þetta leiðir til þess að klámið er fyrir allra augum, alltaf, að konum finnist þær ekki nógu góðar eins og þær eru og þeim finnist þær ekki uppfylla réttu kröfurnar um hvernig kona á að vera (Kent, 2003; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005).

Sigríður Þorgeirsdóttir (2005) og Flood (2007) segja einnig að klámið breyti skilgreiningu á fegurð og nefndi ein unglingsstelpa dæmi af vinum sínum sem „finnst þannig konur vera svo flottar“. Klámið hefur gert kynlíf að söluvöru og það er ekki gott að segja hvaða áhrif klám hefur haft á kynlíf fólks í dag. Skoða þyrfti gaumgæfilega hvernig klám hefur áhrif á hlutverk konunnar í samböndum milli tveggja einstaklinga, s.s. í kynlífi

og einnig hvort ungir krakkar haldi að klám sé kynfræðsla. Fram kom hjá einum viðmælandanum að klámið „það leggst í dvala í hausnum á manni“ og síast inn í undirmeðvitundina. Eins var greinileg tenging kláms við lýta- og februnaraðgerðir sett fram. Ef ofantalið er tengt við gerendahæfni má vera ljóst að ef við stoppum ekki og íhugum hvaðan áhrifin koma, þá framkvæmum við bara í blindni.

Aðalþema rannsóknarinnar snerist um útlitið og áhrifavalda í samfélaginu. Vafalítið má tengja sterkar og ýktar fyrirmyndir sem stelpurnar telja upp t.d. tískublöðum og óhollum fegurðarímyndum sem haldið er á lofti í þeim miðlum (Wolf, 2002).

Við eltumst öll að við útlitið sem samfélagið hefur ákveðið að sé normið (Giddens, 2005). Lærð hegðun í hópum, viðmið og gildi sem ríkja innan samfélagsins hafa áhrif á hegðun og stýra því sem talið er rétt og rangt eins og kemur fram hjá Sutherland (Akers og Sellers, 2004). Meðrannsakendurnir taka einmitt dæmi um viðmið og útlit sem einkenna t.d. stelpuhópa og viðhorf strákahópa til útlits stelpna. Aðgengi okkar að miðlunum er alltaf að verða meira og betra og klámið sem flæðir yfir netið verður sífellt að meira normi. Þannig er fegurðarímyndin að breytast eins og fjallað er um í kafla 3; Blöðin sjálf eru ekki slæm fyrir konur, heldur er fegurðarímyndin sem er haldið á lofti í blöðunum óholl fyrir konur (Wolf, 2002).

Stór þáttur miðla svo sem internetsins og sjónvarpsþátta kemur greinilega fram í viðtölunum. Meðrannsakendurnir nefna dæmi um t.d. módel- og fegurðarlækningaþætti og ljóst er að áhrifa þessa efnis gætir sér að einhverju leyti, t.d. þegar miðað er við orð um samanburð á eigin líkama og fyrirmynda þegar staðið er fyrir framan spegilinn.

Auk þess beina þrýstings sem krakkarnir telja upp (s.s. miðla, vina, foreldra og skóla) er vafalítið um margvíslegan óljósari þrýsting að ræða frá samfélaginu sem viðtakendur gera sér ekki beina grein fyrir. Þrýsting og áhrif frá samfélaginu er e.t.v. ekki alltaf svo auðvelt að greina vegna samspils margra þátta.

Það gæti verið áhugavert að skoða seinna stærri hóp ungmenna og athuga meðal annars hvort munur er á unglíngum í öðrum hlutum borgarinnar og jafnvel annars staðar af landinu. Einnig væri áhugavert að sjá hvort kyn rannsakandans og kyn meðrannsakendanna skipti máli, þ.e. ef rannsakandinn hefði verið karlkyns eða ef það hefðu verið fleiri karlkyns meðrannsakendur, hefðu svörin orðið á allt annan veg? Það þyrfti einnig að skoða hvernig kæmi út að nota stærri hóp unglínga með svipaðri aðferð, samskonar spurningum og með spýrlum af báðum kynjum.

Það var traustvekjandi að sjá að unga fólkið gat sett fram ýmsar tillögur að því hvernig styrkja mætti sjálfsmynd barna- og unglínga. Ef horft er til flokkanna sem komu fram hjá meðrannsakendunum þegar spurt var um helstu áhrifavalda (þ.e. fjölmiðlana, vinina, foreldrana og skólann) þá er ljóst að meðvitund og ábyrgð miðlana gæti verið áhrifarík leið til að efla og styrka sjálfsmynd unglínga dagsins í dag. Þetta á sérstaklega við í ljósi þess hve stórt hlutverk miðlarnir leika í daglegu lífi ungs fólks. Ekki er þó hægt að varpa allri ábyrgð yfir á miðlana heldur er þetta hlutverk samfélagsins og allir geta lagt sitt af mörkum. Umfram allt er meðvitund og umræða á öllum sviðum mikilvæg.

## 5 Lokaorð

Hvað er það sem hefur áhrif á ákvörðun einstaklingana um að gangast undir hnífinn og láta stækka á sér brjóstin? Það virðist sem einstaklingurinn sé settur í þau spor að bera ábyrgð á því sem samfélagið hefur búið til. Konur fá vald með að setja sílikonbrjóst í sig en valið og ábyrgðin er sett yfir á konuna, annaðhvort getur hún gengist undir þessa februnarsaðla eða hún getur átt það á hættu að uppfylla ekki það sem þarf til að vera gjaldgeng sem kona. Einstaklingar bera ábyrgðina á því sem fjöldinn hefur búið til og enginn spyr af hverju þetta sé svona og af hverju er þetta leyfilegt.

Ákveðum við hlutina sjálf eða er eitthvað annað sem stjórnar okkur? Sumir fræðimenn halda því fram að við höfum lítið sem ekkert að segja um það sem við gerum. Aðrir halda því fram að við tökum ákvarðanir og framkvæmum hluti án þess að annað en við sjálf höfum áhrif á þá. Gerendahæfnin sem var skoðuð í ritgerðinni var tengd við útlitsmyndir, lýta- og februnaraðgerðir. Þeim hefur fjölgað mikið hin síðari ár og þær hafa fengið aukið vægi í samfélaginu. Þó brjóstastækkun sé talin vera mjög persónuleg gjörð, leyfi ég mér að efast að svo sé í raun og veru með sömu rökum og Durkheim sem komst að því að sjálfsvíg er ekki persónuleg gjörð heldur séu stærri öfl þar að baki. Það var mjög áhugavert að sjá af hverju lækisfræðileg inngríp eru talin í lagi og af hverju fer ekki fram ígrunduð umræða um fyrirbærið februnaraðgerð. Hvar liggja mörkin? Hvort liggja þau á hvaða aðgerð er framkvæmd eða hvaða áhrif hún hefur á einstaklinginn? Þarna þurfa einstaklingarnir í samfélaginu að taka sig saman í andlitinu og ræða málið.

Við tökum útlitsmyndum sem sjálfsögðum hlut en ekki sem félagsmótuðum. Það er áhugavert að sjá að lækur hafa samþykkt með að framkvæma brjóstastækkunir það álit að lítil brjóst séu ekki ásættanleg, það væri áhugavert að sjá hvernig og hvort brjóstastækkunir hefðu þróast ef lækur hefðu sett sig á móti þeim.

Svo virðist sem heimurinn verði sífellt ýktari og ýktari, áður fyrr var nóg að lita á sér hárið og mála sig en núna leggjast konur undir hnífinn og látum sem það sé ekki stór ákvörðun. Það er búið að selja okkur hluti sem við eigum að gera við líkama okkar til þess að við getum litið vel út án „mikillar“ fyrirhafnar. Í staðinn fyrir að reyna að borða hollan mat og hreyfa okkur til að halda okkur heilbrigðum, þá tökum við pillur eða látum skera í okkur. Við berum ábyrgð á okkar eigin lífi en við megum ekki gleyma hvað samfélagið er sterkt afl, sem mótar okkur og heldur að okkur ákveðnum ímyndum sem við leggjum okkur í líma við að falla að.

Skilaboðin sem börn og unglingar dagsins í dag upplifa um hvernig kynin eiga að hegða sér koma t.d. úr sjónvarpinu. Þar eru konur oft sýndar sem hlutir sem hægt er að horfa á en ekki einstaklingar sem geta framkvæmt. Við þurfum að skoða mismunandi skilaboð sem kynin fá í sambandi við útlitið, skilaboðin sem konurnar fá er að líta vel út en karlmennirnir eiga að vera minna tilhafðir, að gera eitthvað eins og að klífa fjöll, keyra dýra bíla og fleira. Það þarf að fara fram umræða í samfélaginu um hvernig við viljum hafa hlutina. Hvað gerist ef allir fara í fegrunaraðgerð? Verður þá næsta skref að breyta okkur erfðafræðilega áður en við fæðumst? Þarna þarf að fara umræða í gang og við verðum að viðurkenna að fjölbreytileikinn gerir lífið skemmtilegt.

## 6 Heimildaskrá

- Akers, R. L. og Sellers C. S. (2004). *Criminological Theories: Introduction, Evaluation, and Application* (4. útgáfa). Los Angeles: Roxbury Publishing Company.
- Annadís Greta Rúdólfsdóttir. (10. nóvember 2007). Fyrirlestur á fjórða þingi RIKK í Háskóla Íslands. *Sjaldan á dagskrá: Ungar breskar konur tala um femínisma*.
- Cockerham, W. C. (2006). *Sociology of Mental Disorder* (7. útgáfa). New Jersey: Person Prentice Hall.
- Conrad, P. (2007). *The medicalization of society*. Baltimore: The John Hopkins University Press.
- Dworkin, A.(2000). Against the male flood: Censorship, pornography and equality. Í Cornell, D. (ritstjóri). *Oxford readings in feminism: Feminism and pornography*. Oxford: Oxford University Press.
- Flood, M. (2007) Exposure to pornography among youth in Australia [vefútgáfa]. *Journal of Sociology*, 43(1), 45-60.
- Gagné, P. og McGaughey, D. (2002). Designing Women: Cultural Hegemony and the Exercise of Power among Women Who Have Undergone Elective Mammoplasty [Vefútgáfa]. *Gender & Society*, 16 (6), 814-838.
- Giddens, A. (Ritstjóri). (2005). *Emile Durkheim: Selected Writings* (27. prentun). New York: Cambridge University Press.
- Goodman, M. (1996). Culture, Cohort, and Cosmetic Surgery [vefútgáfa]. *Journal of Woman and Aging*, 8 (2), 55-73.
- Goffman, E. (1959). *The Presentation of Self in Everyday Life*. Middlesex: Penguin Books.

- Guðbjörg Hildur Kolbeins (2002, 25. sept.). „Hvað er klám?“. *Visindavefurinn*. Sótt 28. sept. 2008 frá, <http://visindavefur.is/?id=2677>
- Helgi Gunnlaugsson. (2003). *Afbrot og Íslendingar. Greinasafn í afbrotafræði* (2. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- hooks, b. (1981). *Ain't I A Woman: black women and femininism*. Boston MA: South End Press.
- Kent, J. (2003). Lay Experts and the Politics of Breast Implants [vefútgáfa]. *Public Understanding of Science*, 12 (2), 403-421.
- Landlæknisembættið. (2002). *Brjóstastækkun: almennar upplýsingar* [Bæklingur]. Reykjavík: Höfundur.
- Marshment, M. (1997). The Picture is Political: Representation of Women in Contemporary Popular Culture. Í Robinson, V. og Richardson, D. (Ritstj.). *Introducing: Woman Studies* (2. útgáfa) (bls. 125-151). London: MacMillan Press Ltd..
- Morgan, K. P. (1991). Women and the Knife: Cosmetic Surgery and the Colonization of Women's Bodies [vefútgáfa]. *Hypatia*, 6, 25-53.
- Quart, A. (2003). *Branded: The Buying and Selling of Teenagers*. Boston, Cambridge: Perseus Publishing.
- Ritzer, G. og Goodman, D. J. (2003). *Sociological Theory* (6. útgáfa). New York: McGraw-Hill.
- Russell, D. (1993). „Introduction. What is Pornography?“ *Against Pornography: The Evidence of Harm* (bls. 3–12 og 98–99). Berkeley, California: Russell Publications.

- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249-262). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2005, 10. mars). *Breast Augmentation Surgery: Empowerment in Times of Pornography*. Sótt 12. júní 2008, frá <http://www.hi.is/nam/heimspekiskor/sigrthor/Greinar/Breast%20augmentation.pdf>
- Sigrún Ólafsdóttir. (2004). Í Íslensk félagsfræði. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstj.). *Félagsfræði heilsu og veikinda* (288-308). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steyer, J. P. (2002). *The Other Parent: the Inside Story of the Media's effect on Our Children*. New York: Atria Books.
- Storey, J. (2001). *Cultural Theory and Popular Culture, an Introduction* (3. útgáfa). Boston: Person Education, Inc.
- Sörensen, A. D. (2003). „Pornografi og køn i massekulturen” [vefútgáfa]. *NIKK magasin*, (1), 34–36.
- Tantleff-Dunn, S. (2001). Breasts and Chest Size: Ideals and Stereotypes Through the 1990s. *Sex Roles*, 45 (3/4), 231-242.
- Twaddle, A. (1978). Health Decisions and Sick Role Variations: An Exploration. Í H. D. Schwartz og C. S. Kart (Ritstj.). *Dominant Issues in Medical Sociology* (5-15). Reading, MA: Addison-Wesley Publishing Company.
- Valgerður Þ. Jónsdóttir. (2007, 7. maí). Rúmlega níu hundruð fegrunaraðgerðir. *Morgunblaðið*. Sótt 10. júní 2008 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1143954](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1143954)
- Vísir. (2008, 16. apríl). Tólf ára vill brjóstastækkun. *Vísir*. Sótt 17. apríl 2008, frá <http://visir.is/article/20080416/LIFID01/671600964>



---

Wolf, N. (2002). *The Beauty Myth: How Images of Beauty Are Used Against Women*.

New York: Harper-Perennial.

Þorgerður Einarsdóttir. (2002). „Jafnrétti án femínisma — pólitík án fræða?" *Ritið* 2:9-

36.

Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir. (2008). Egalitarian Attitudes Towards the

Division of Household Labor Among Adolescents in Iceland [vefútgáfa]. *Sex*

*roles*, 59. 49-60.

## 7 Viðauki

### Spurningar úr eigindlegu rannsókninni

- ∞ Hvar finnurðu fyrirmyndir að útliti þínu? Þ.e. hvernig þú átt að líta út?
- ∞ Hvernig er kona og hvernig á hún að líta út?
- ∞ Finnst þér það nauðsynlegt að hún sé með stór brjóst?
- ∞ Finnurðu fyrir þrýstingi frá einhverjum í sambandi við útlit þitt?
- ∞ Hvað sérðu fyrir þér að megi gera til að sjálfsmynd unglinga mótist á heilbrigðan hátt?
- ∞ Hvað finnst þér um lýtaaðgerðir en fegrunaraðgerðir, hver er munurinn?
- ∞ Hefurðu tekið eftir breytingu á hvernig fjölmiðlar fjalla um konur og kvenleg gildi?
- ∞ Hvað er klám. Hvar sjáið þið klám?
- ∞ Þurfi þið að leita af því eða er þetta allt í kringum ykkur? T.d. þegar þið eruð að horfa á sjónvarpið eða eruð í tölvunni?
- ∞ Hve miklu skiptir útlitið?
- ∞ Komdu með neikvæða og jákvæða þætti sem ykkur finnst vert að minnast á.